



**skoðun 12**



## Fjöll á Fróni

*Pétur Þorleifsson, göngugarpur á áttræðisaldri, lýsir gönguleiðum á 103 fjöll í nýrri bók.*

**allt 2**

## SÉRBLAÐ

í Fréttablaðinu

Allt






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

14. júlí 2010 — 163. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Níu ára keppir í fitness

*Sesselja Sif Óðinsdóttir keppti í fyrsta heimsmeistaramóti barna í fitness.*

**fólk 26**

## Elsta félag á landinu

*Hið íslenska biblíufélag á 195 ára afmæli um þessar mundir.*

**tímamót 17**



## Ætla að taka á þeim

*Víkingar úr Ólafsvík drógust á móti Íslandsmeisturum FH í VISA-bikarnum.*

**íþróttir 22**

### veðrið í dag





**SKIN OG SKÚRIR** Í dag verður víðast hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Bjartviðri syðra en annars skýjað með köflum og hætt við stöku skúrum síðdegis. Hiti 10-18 stig, hlýjast SV-lands.


VEÐUR 4


# Þögull um eignatilfærslur

**Slitastjórn Glitnis telur að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi upp á síðkastið flutt töluvert af eignum á nafn eiginkonu sinnar. Hann hefur neitað að upplýsa hvaða eignir hann hefur flutt á konuna undanfarin þrjú ár.**

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis segir gögn sýna fram á að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi að undanförnu flutt eignir á nafn eiginkonu sinnar, Ingibjargar Pálmadóttur, í því skyni að koma þeim undan kyrrsetningu.

Þetta kemur fram í rökstuðningi slitastjórnar sem lagður var fram fyrir dómi í London fyrir helgi og blaðið hefur undir höndum. Þar kemur fram það mat slitastjórnarinnar að Jón Ásgeir reyni nú að telja aðilum málsins trú um að eignir sem í raun eru hans, eða í sameiginlegri eigu þeirra hjóna, séu alfarið eign Ingibjargar.

Þá segir að óskað hafi verið eftir lista yfir allar þær eignir sem Jón Ásgeir hefur flutt yfir á eiginkonuna undanfarin þrjú ár en hann ætli sér ekki að verða við þeirri bón og lögmenn hans hafi sent slitastjórninni bréf þess efnis. „Hann gaf ekki í skyn að engar slíkar [eignatilfærslur] hefðu átt sér stað. Hans afstaða var einfaldlega sú að honum bæri engin skylda til að veita slíkar upplýsingar,“ segir í rökstuðningi slitastjórnarinnar.

Í rökstuðningnum eru talin upp ýmis atriði sem þykja benda til þess að Jón Ásgeir segi ósatt um eignarhaldið á tilteknum eignum.

Þannig er Rolls Royce-bifreið, metin á 17 milljónir, skráð á nafn Jóns Ásgeirs en hann heldur því fram að bíllinn hafi verið afmælisgjöf til Ingibjargar, sem eigi hann að fullu. Þá er Hótel 101, sem metið er á 590 milljónir, skráð á hjónin sameiginlega. Jón Ásgeir heldur því fram að það séu mistök – hótelið hafi alltaf átt að vera eign Ingibjargar einnar. Að sögn slitastjórnar benda engin gögn til þess að nein mistök hafi verið gerð.

Jón Ásgeir segist einnig aðeins eiga eitt prósent í lúxusíbúðunum við Gramercy Park North á Manhattan, sem sé hefðbundið formsatriði svo maki geti dvalið þar ef eigandinn fellur frá. Slitastjórnin segir engin gögn finnast um það hvernig kaupin voru fjármögnuð og þá hafi Jón Ásgeir orðið tvísaga um það; einu sinni sagt Landsbankann hafa fjármagnað kaupin og í annað skipti sagt að Ingibjörg hafi keypt íbúðirnar fyrir ættarauð sinn.

Þá voru tvö íbúðarhús Ingibjargar í Reykjavík nýlega veðsett fyrir 400 milljóna láni til Ingibjargar, að því er Jón fullyrðir, þótt hans nafn sé á lánasamningum og öðrum gögnum. „Jón Ásgeir segist hafa beðið lögmann sinn um að skrá nafn sitt á veðskuldabréfið fyrir mistök. Engin skýring hefur fengist á því hvernig þau mistök áttu sér stað eða af hverju Jón Ásgeir gaf lögmanni sínum fyrirmæli vegna eigna sem hann segir nú að séu sér óviðkomandi,“ segir slitastjórnin.

Að síðustu er vikið að skíðaskála í Frakklandi sem var fjármagnaður með láni til félags í eigu þeirra beggja (101 Chalet) en Jón Ásgeir segir nú að hafi verið alfarið hennar verkefni og því hafi hún fengið allan hagnaðinn af sölu skálans.

Ingibjörg Pálmadóttir er stjórnarformaður 365, útgáfufélags Fréttablaðsins. **- sh**





**SNÚINN NIÐUR** Mótmælendur komu saman við húsnæði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir aftan Stjórnarráðshúsið í gær. Rauðri málningu var slett á hús AGS. Lögreglan handtók einn mótmælenda áður en yfir lauk.

Ný bandarísk rannsókn:

## Höfuðstærð hefur áhrif á Alzheimer

**VÍSINDI** Ný rannsókn bendir til þess að höfuðstórir einstaklingar með Alzheimer-sjúkdóm hafi betra minni og skarpari hug en þeir sem hafa minni höfuð. Þetta gildir jafnvel þótt hlutfall dauðra heilafrumna vegna sjúkdómsins sé það sama.

Rannsóknin var birt í júlíhefti bandarísku taugavísindastofnunarinnar. Þar kemur fram að fyrir hvert prósent dauðra heilafrumna bætir auka sentimetri við þvermál höfuðs, árangur á minnisprófum um sex prósent að meðaltali.

Þótt erfðir skipti mestu um höfuðstærð hafa næring og aðstæður barna til sex ára aldurs mikil áhrif líka en heili barns hefur náð 93 prósentum af fullri stærð strax við sex ára aldur.

Um 270 manns með Alzheimer tóku þátt í rannsókninni. **- mþl**

Stór hluti innspýtingar ríkissjóðs inn í Sjóvá-Almennar voru skuldabréf Aska:

# Askar gætu valdið Sjóvá vanda

**EFNAHAGSMÁL** Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur óskað eftir fundi í viðskiptanefnd Alþingis vegna mögulegra áhrifa slitameðferðar Aska Capital á stöðu Sjóvár-Almennra.

Ríkissjóður bjargaði Sjóvá frá gjaldþroti í fyrra þegar keyptur var 73 prósenta hlutur í fyrirtækinu fyrir 11,6 milljarða króna. Af þeim voru 6,2 milljarðar í formi skuldabréfa útgefnum af Öskum Capital. „Þessir pappírar voru meginuppistaðan í því eigin fé sem ríkið kom með inn í félagið og því hlýtur eiginfjárhlutfallið hjá því að vera komið aftur undir það sem það ætti að vera,“ sagði Eygló. „Það sem er uppi á borðinu núna er hvort Sjóvá er gjaldþrota eða ekki.“

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir rétt að einhver óvissa ríki um pappíra Aska og Avant. „Við erum að skoða þessa hluti en það er dálítið erfitt fyrir mig að vera að tjá mig um áhrif á aðra eftirlitsskylda aðila á þessari stundu,“ sagði Gunnar.

Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með eignarhlut ríkisins í Sjóvá en ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra vegna málsins í gærkvöldi. **- mþl / sjá síðu 4**


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.





Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.











## SPURNING DAGSINS



*„Jónas, gengur erfiðlega að svæfa ljónið?“*

„Já, enda þekkir maður ljónið af klónum.“

Jónas Skaftason er vert á Ljóni norðursins á Blönduósi. Skipulagsnefnd vildi ekki samþykkja rekstrarleyfi staðarins þar sem hann uppfyllti ekki ýmis skilyrði. Jónas segist ekki ætla að loka veitingastaðnum.

40% söluaukning frá júnímánuði í fyrra:

# Stóraukin sala á lambakjöti

**LAMBAKJÖT** Lambakjötssala í júní var um það bil 35% meiri en í fyrra, 555 tonn seldust í ár en 410 tonn í sama mánuði í fyrra. Frá öðrum fjórðungi síðasta árs er söluaukningin 7,8%. Þetta eru heildsölutölur, það er að segja viðskipti verslana, kjötvinnslufyrirtækja og veitingastaða við sína birgja.



SIGURÐUR EYÞÓRSSON

„Annars vegar er verðið lækkandi og mikið um tilboð. Hins vegar var þetta gríðarlega hlýr mánuður. Þá grillar fólk mikið og það hjálpar okkur,“ segir Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, um ástæður þessarar auknu sölu.

Hann segir kannanir benda til þess að Íslendingar kjósi helst af öllu lambakjöt þegar þeir ætla að grilla.

Sigurður segist telja ólíklegt að svo mikil söluaukning verði einnig í júlí. Hann segir að sauðfjárbændur séu ánægðir með að salan sé að taka við sér á ný. Árið 2008 var besta ár í sölu lambakjöts hér á landi frá 1993. Ótti við kreppuna kom meðal annars fram í því að fólk fyllti frystikistur af lambakjöti haustið 2008. Í samræmi við þá birgðasöfnun heimilanna dróst öll kjötsala saman 2009, auk þess sem Sigurður segir að þá hafi kaupmáttarskerðingin eftir hrunið verið farin að bíta. „Núna virðist markaðurinn vera að snúast aftur og við erum kátir með það,“ segir Sigurður Eyþórsson. Útflutningur hefur einnig aukist, var 170 tonn í júní, sem er 182% aukning frá því í fyrra. Fyrir vikið eru mun minni birgðir í landinu en áður. **-pg**

Spá fólksfjölgun áfram:

# Verðum 436.500 eftir fimmtíu ár

**MANNFJÖLDI Íslendingar verða um 436.500 talsins árið 2060 rætist mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir næstu 50 ár. Spáin gerir ráð fyrir fólksfækkun á Íslandi á yfirstandandi ári, en að fólksfjölgun taki við á næsta ári.**

**Meðalævin mun áfram lengjast. Nýfæddar stúlkur geta í dag vænst þess að ná 83,3 ára aldri, en eftir 50 ár gæti meðalaldurinn verið kominn í 87,1 ár. Meðalaldur karla er lægri, 79,7 ár, en verður líklega 85 ár árið 2060, samkvæmt spá Hagstofunnar. - bj**



**VINSÆLIR SÖLUTURNAR** Fjórir söluturnar eru reknir undir merkjum Aktu taktu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Vilja banna Taco-Twister:

# KFC stefnir Aktu taktu

**DÓMSMÁL Bandaríska skyndibitakeðjan Kentucky Fried Chicken er komin í hart við íslensku lúgusjoppurnar Aktu taktu. KFC hefur stefnt FoodCo. ehf., eiganda Aktu taktu, og krefst þess að fyrirtækið láti af notkun vörumerkisins Taco-Twister.**

**KFC á rétt á vörumerkinu Twister, og býður upp á nokkra rétti með því nafni.**

**Forsvarsmenn Aktu taktu hafa hins vegar hafnað umleitan KFC um að láta af notkun vörumerkisins. Þeir telja ekki forsendur fyrir því enda hafi réttur þeirra, Taco-Twister, verið á matseðli árum saman.**

**Það verður því dómstóla að skera úr um málið, sem verður þingfest í byrjun september. - sh**

Einn njósnara sem eru í haldi:

# Missir breskan ríkisborgararétt

**BRETLAND** Anna Chapman, einn rússnesku njósnaranna sem eru í haldi í Bandaríkjunum, hefur misst ríkisborgararétt sinn í Bretlandi. Hann fékk hún þegar hún giftist Breta árið 2002.

Anna heitir í raun Anya Kushchenko og var með tvöfaldan ríkisborgararétt frá 2002. Lögmaður hennar sagði í síðustu viku að hún hefði viljað fara til Bretlands. Innanríkisráðuneytið hefur hins vegar ógilt vegabréf hennar og vinnur að því að gera henni ókleift að ferðast til landsins. **- þeb**

# Heilsa batnar oftast í efnahagskreppum

**Erlendar rannsóknir sýna að heilsufar batnar í efnahagskreppum. Skert fjárráð til reykinga og áfengisdrykkju og minni umferð og mengun og meiri hreyfing er möguleg skýring. Rannsóknir á áhrifum bankahrunsins hér eru á frumstigi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Efnahagskreppan sem nú geisar á Íslandi í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 kann að verða til góðs fyrir heilsufar þjóðarinnar ef marka má niðurstöður erlendra rannsókna á áhrifum hagsveiflna.

Dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor og umsjónarmaður MS-náms í heilsufræðum við Háskóla Íslands, segir rannsóknir sýna nokkuð skýr tengsl milli efnahagslægða og heilsufars. „Þær sýna frekar að heilsa batni í kreppum heldur en að henni hraki. Helsta undantekningin er geðsjúkdómar og því er mikilvægt að hafa augum á þeim og fylgjast með sjálfsvígum. Að öðru leyti er dánartíðni almennt minni í kreppum en þegar hagkerfið er í uppsveiflu,“ segir Tinna.



**DR. TINNA LAUFEY ÁSGEIRSDÓTTIR** Hópur íslenskra fræðimanna leitar nú leiða til að fjármagna rannsóknir á áhrifum kreppunnar á heilsufar þjóðarinnar. Vonast er til að rannsóknir geti hafist sem fyrst svo niðurstöðurnar gagnist Íslendingum í núverandi kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ásamt Unni Önnu Valdimarsdóttur, forstöðumanni Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, og Ragnheiði Bjarnadóttur, fæðingarlækni á Landspítala, er Tinna ábyrgðarmaður nýrrar rannsóknar sem efna á til og ber yfirskriftina „Áhrif efnahagshrunsins á Íslandi 2008 á tíðni fyrirbura og léttburafæðinga.“

„Þetta er hluti af stærra verkefni þar sem við erum nokkur í hóp að kanna ýmis áhrif efnahagshrunsins á heilsu og heilbrigði. Það er til dæmis verið að skoða áhrif á heilsutengda hegðun, eins og hreyfingu og mataræði og áhrif á ýmsa sjúkdóma. Þetta er enn allt á frumstigi og við erum enn að reyna að fjármagna verkefnið,“ segir Tinna.

Orsakir þess að heilsa fólks batnar almennt í kreppum eru ekki fullrannsakaðar. „En það er margt sem fólk getur látið sér detta í hug. Þegar hægist á hagkerfinu verður til dæmis minni mengun. Umferð minnkar og umferðarslysum fækkar. Fólk hefur meiri tíma til að hreyfa sig og hefur minna fjármagn til að stunda ýmiss konar áhættusama hegðun á borð við reykingar og áfengisneyslu,“ bendir Tinna á.

Að sögn Tinnu vonast íslenski rannsóknarhópurinn til að bæta við heildarmyndina í þessum fræðum. „Hver og ein kreppa í hverju landi er ólík en menn geta séð eitthvert mynstur út úr rannsóknum við mismunandi aðstæður,“ segir hún og bætir við að mikilvægt sé að rannsóknir hér hefjist sem fyrst. „Þá hefðu niðurstöðurnar ekki aðeins fræðilegt gildi á alþjóðlega vísu heldur hefðu líka hagnýtt gildi fyrir íslenska stefnumótun í þessari kreppu.“

gar@frettabladid.is

Hundahald í Reykjavík:

# Um 550 hundar eru óskráðir

**HUNDAHALD** Talið er að um 550 óskráðir hundar séu í Reykjavík. Skráðir hundar í Reykjavík eru um 2.200 en að sögn Árnýjar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, má gera ráð fyrir að í viðbót séu um 25 prósent óskráðir hundar.

Heilbrigðiseftirlitinu berst margar kvartanir um lausagöngu hunda í borginni en tólf hundsbit voru tilkynnt í fyrra.

Árný segir nokkurn ama af lausum hundum, bæði fyrir fólk sem er hrætt við hunda og aðra sem hugnast ekki að hundar gangi lausir á almenningssvæðum á borð við Klambratún og Arnarhól. Hún beinir þeim tilmælum til hundaeigenda að virða lög og hafa hundana í taumi innan borgarmarka. **- bs**

Fjöldahandtökur á Ítalíu:

# Lögreglan náði mafíuforingja

**ÍTALÍA** **Lögreglan á Ítalíu handtók í gær 300 manns vegna gruns um aðild að morðum og skipulagðri glæpastarfsemi, að því er fram kom á vef breska ríkisútvarpsins, BBC.**

**Í hópi hinna handteknu var Domenico Oppedisano, meintur höfuðpaur Calabrian-fjölskyldunnar, sem er ein sú valdamesta innan ítölsku mafíunnar. Oppedisano er áttræður.**

**Auk hans var framkvæmdastjóri glæpafjölskyldunnar handtekinn í Mílanó, ásamt 160 öðrum, þar á meðal kaupsýslumenn og embættismenn úr heilbrigðisstétt.**

**Lögreglan lét til skarar skríða í kjölfar innbyrðis átaka í Calabrian-fjölskyldunni, eftir að norðurarmur glæpasamtakanna reyndi að ná völdum yfir þeim syðri. - bs**




Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggigúmmíi eða Nicorette innsogslyfi. Hámarksdagskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfjatyggigúmm eða 12 hylki af innsogslyfi.Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


Meira af frjókornum í andrúmsloftinu en í fyrra:

# Fjöldi grasfrjóa í andrúmslofti nær hámarki í júlímánuði

**NÁTTÚRA** Magn frjókorna í andrúmsloftinu vex yfirleitt mikið þegar líður á júlímánuð og nær síðan hámarki í lok mánaðarins. Magn frjókorna er meira þessa dagana en á sama tíma síðustu ár.

„Um helgina hef ég verið að mæla mjög háar tölur. Á föstudag fór þetta upp í 200 frjó á rúmmetra sem er tala sem ég er ekki vön að sjá svona snemma í júlí,“ segir Margrét Hallsdóttir, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.

Margrét segir að hlýindi síðustu vikna séu helsta ástæða mikils frjómagns en að auki hafi veður verið þurrt sem hefur líka áhrif.

Á Íslandi eru það aðallega þrjár tegundir frjókorna sem valda fólki óþægindum: grasfrjó, birkifrjó og súrfrjó. Birkifrjó er mest áberandi í lok maí og júní en þegar júlí gengur í garð eru það aðallega grasfrjóin sem valda fólki óþægindum.

Til að frjókorn valdi ofnæmi þarf það annars vegar að innihalda allergen eða ofnæmisvaka sem er eggjahvítuefni sem líkami fólks sem er með ofnæmi skynjar sem hættulegt efni og hins vegar þurfa frjókornin að vera til staðar í miklu magni, að því er segir á vef Náttúrufræðistofnunar.

Spurð hvort hún hefði einhver ráð fyrir þá sem hafa frjókornaofnæmi segir Margrét: „Þeir sem hafa grasofnæmi ættu ekki að fara út að hlaupa þegar mest er af grasi í loftinu, heldur þjálfa frekar innandyra. Svo eru ýmsir sem ráðleggja fólki að fara í sturtu þegar það kemur heim.“ **- mþl**



**MARGRÉT HALLSDÓTTIR** Ráðleggur fólki með frjóofnæmi að æfa innandyra yfir hásumarið.

## GENGIÐ 13.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,75 | 125,35 |
| Sterlingspund | 188,16 | 189,08 |
| Evra | 156,91 | 157,79 |
| Dönsk króna | 21,043 | 21,167 |
| Norsk króna | 19,695 | 19,811 |
| Sænsk króna | 16,658 | 16,756 |
| Japanskt jen | 1,4105 | 1,4187 |
| SDR | 186,06 | 187,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
201,7855

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mummi í Götusmiðjunni tjáir sig ekki um ágreining við Barnaverndarstofu:

# Yfirvöld fóru að settum reglum

**FÉLAGSMÁL** Barnaverndaryfirvöld fóru að barnaverndar- og stjórnsýslulögum við rannsókn á málefnum Götusmiðjunnar, samkvæmt niðurstöðum félagsmálaráðuneytisins.

Aðstæður barna sem voru í Götusmiðjunni voru skoðaðar 25. júní. Í framhaldinu voru börnin færð þaðan seinna sama dag. Guðmundur Týr Þórarinsson, forstöðumaður Götusmiðjunnar, gerði athugasemdir við ráðuneytið. Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur fram að mat barnaverndaryfirvalda um að flytja börnin hafi verið í samræmi við frumskyldur þeirra. Beita skuli þeim ráðstöfunum sem séu barni fyrir bestu en í því felist að börnin skuli ávallt njóta vafans.

Guðmundur sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann segir Barnaverndarstofu hafa gert þá kröfu að hann ræði málið ekki efnislega við fjölmiðla á meðan viðræður standi yfir milli þeirra. Hann segir ráðuneytið ekki hafa fjallað um ágreining hans við Barnaverndarstofu og á því rökstuðningi ráðuneytisins sjáist að verið sé að reyna að breiða yfir mistök barnaverndaryfirvalda. - þeb



**MUMMI Í GÖTUSMIÐJUNNI** Segir ekki fjallað um ágreininginn í úrskurðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrsla frá Vinnumálastofnun:

## Ástandið verst á Suðurnesjum

**ATVINNUMÁL** Atvinnuleysi mældist 7,6 prósent í júní og minnkar um 6,4 prósent frá því í maí. Fækkun á atvinnuleysisskrá er hlutfallslega meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og er atvinnuleysi nú 8,5 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 5,9 prósent á landsbyggðinni. Mest er atvinnuleysi á Suðurnesjum, eða tæp 12 prósent, og minnst á Norðurlandi vestra, 2,6 prósent.

Áætlað er að atvinnuleysi minnki í júlí og verði í kringum 7,5 prósent. - sv

Aðalfundur Kadeco haldinn:

## Nýr stjórnarformaður Kadeco

**VIÐSKIPTI** Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarlögmaður, er nýr stjórnarformaður Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Vilhjálmur var kjörinn til starfsins á aðalfundi félagsins nýverið.

Kadeco var stofnað árið 2006 með það að markmiði að leiða þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til borgaralegra nota, að því er segir á heimasíðu félagsins.

Á fundinum kom fram að hagnaður félagsins árið 2009 var 170,5 milljónir íslenskra króna. - mþl

Banaslys á Hafnarfjarðarvegi:

## Hafði fengið hjartaáfall áður

**LÖGREGLUMÁL Ökumaður bíls sem ók yfir á rangan vegarhelming á Hafnarfjarðarvegi norðan Arnarnesbrúar 18. desember 2009 og lenti framan á öðrum bíl var meðvitundarlaus af völdum hjartaáfalls þegar áreksturinn varð.**

**Ökumenn beggja bílanna og farþegi í bílnum sem ekið var á létust í slysinu. Lögregla segir rannsókn ekki gefa neinar vísbendingar um hraðakstur. Í krufningarskýrslu kemur fram að ökumaðurinn hafi verið meðvitundarlaus þegar árekstur varð. Hann hafði fengið hjartaáfall og var úrskurðaður látinn á slysstað, segir í tilkynningu frá lögreglunni.** - gar

### AKUREYRI

### Gamli Iðnskólinn til sölu

Húsið að Þingvallastræti 23 á Akureyri hefur verið auglýst til sölu. Í húsinu var gamli Iðnskólinn á Akureyri lengi til húsa. Húsið hefur undanfarin ár verið nýtt af Háskólanum á Akureyri sem skrifstofu- og kennsluhúsnæði.

# Ofgreidd lán líklega ekki endurgreidd

**Óvissa um gengislán varð Avant að falli sem dregur Askar Capital niður með sér. Viðskiptavinir sem hafa ofgreitt gengislán fá líklega ekki endurgreitt.**

**EFNAHAGSMÁL** Ólíklegt er að þeir viðskiptavinir eignaleigufyrirtækisins Avant sem hafa greitt of mikið af bílalánum sínum fái endurgreitt nú þegar óskað hefur verið eftir því að Fjármálaeftirlitið skipi bráðabirgðastjórn yfir félagið. Þetta segir Heimir Haraldsson, stjórnarformaður móðurfélagsins Askar Capital.

Stjórn Askar Capital samþykkti í gær að óska eftir slitameðferð á félaginu. Samhliða því kom ósk stjórnar Avant um að Fjármálaeftirlitið skipi bráðabirgðastjórn yfir félagið. Í fréttatilkynningu frá Askar Capital kemur fram að nýlegur dómur Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar lána hafi mikil áhrif á efnahag fyrirtækjanna. Eignir Avant hafi verið metnar á um 23 milljarða króna 31. maí síðastliðinn en eftir dóminn séu þær metnar á bilinu níu til þrettán milljarða króna eftir því hvaða vaxtaviðmiðun er notuð.

Enn fremur segir í fréttatilkynningunni að vegna óvissu um vaxtaútreikningana hafi kröfuhafar ekki komist að niðurstöðu um fjárhagslega endurskipulagningu Avant. Þar sem endurskipulagningin er óvissu háð og eiginfjárstaða félagsins neikvæð um að lágmarki tíu milljarða telur stjórn félagsins sig ekki hafa umboð til áframhaldandi setu.

Staða Askar Capital er mjög háð afkomu Avant. Eiginfjárstaða Askar var metin jákvæð um 3,5 milljarða hinn 31. maí síðastliðinn en í kjölfar dómsins er hún talin neikvæð um 3,5 milljarða þar sem sjö milljarða króna krafa á Avant er talin töpuð. Þar sem ekki liggur fyrir samkomulag við kröfuhafa um endurskipulagningu hefur stjórn Askar því samþykkt að óska eftir slitameðferð á félaginu.

FME sendi frá sér tilkynningu í gærkvöldi um að bráðabirgðastjórn hefði verið skipuð. Í henni sitja Friðjón Örn Friðjónsson hæstaréttarlögmaður, sem verður formaður, Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður og Ljósbrá H. Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi.

Starfsmenn Askar Capital eru 23 og missa nú allir vinnuna. Að sögn Benedikts Árnasonar forstjóra er hins vegar líklegt að einhverjir starfsmannanna taki sig saman um stofnun fyrirtækis sem muni halda áfram að þjónusta einhverja viðskiptavini bankans, sem eru á fjórða tug fjárfesta.

magnusl@frettbladid.is





**HEIMASÍÐA AVANT** Vefsíða Avant var enn opin í gærkvöldi. Eignir fyrirtækisins voru metnar á 23 milljarða króna í maí en eftir dóm Hæstaréttar um gengislán voru þær metnar á 9 til 13 milljarða.



**BJÖRK** Vill að Magma-málið verði tekið til endurskoðunar.

Umboðsmaður endurskoði:

## Björk vill láta skoða Magma

**IÐNAÐUR Björk Guðmundsdóttir tónlistarkona, Oddný Eir Ævarsdóttir rithöfundur og Jón Þórisson arkitekt hafa sent umboðsmanni Alþingis ábendingu um að taka Magma-málið til gagngerrar endurskoðunar.**

**Þau segja málið gríðarlegt hagsmunamál fyrir allan almenning í landinu. Mikilvægt sé að umboðsmaður taki það til skoðunar svo hægt sé að vita hvort hagsmuna almennings hafi verið gætt á fullnægjandi hátt, og hvort málsmeðferð hafi samræmst lögum og vönduðum stjórnsýsluháttum.** - þeb

Ró yfir hlutabréfamarkaði:

## Vikuvelta helmingi minni

**VIÐSKIPTI** Veltan á íslenska hlutabréfamarkaðinum var um 151 milljón króna í síðustu viku, sem er um helmingi minni velta en meðaltal á viku í síðasta mánuði. Ekki er óeðlilegt að markaðurinn róist í byrjun júlí þegar fjárfestar fara í sumarfrí, samkvæmt samantekt Íslenskra verðbréfa.

Langmest velta var með bréf Marels, um 110 milljónir af 151 milljón króna veltu. Bréf Marels hækkuðu um 2,15 prósent. - bj


kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20



Hana Nú
Ferskur kjúklingur á tilboði á miðvikudögum
Kostur Ferskur kjúklingur
489 kr/kg
Aðeins 2 stk. á körfu.
Gildir meðan birgðir endast
*Kjúklingurinn er nýslátraður í neytendaumbúðum
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**VÍÐAST GÓÐVIÐRI**
Veðurspá næstu daga er aldeilis góð og lítur út fyrir góðviðri fram yfir helgi um nánast allt land. Búast má við heldur vaxandi NA-átt suðaustanlands á fimmtudag og örlítið stífari vindi á föstudag.









**Á MORGUN**
Hægviðri.





**FIMMTUDAGUR**
Víðast hæg NA-átt, en stífari suðaustast.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 26° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 28° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 20° |
| París | 27° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 26° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*






+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug, hótel og flugvallaskattar á tímabilinu 1. nóv.–14. des.

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú ánægð(ur) með að götum í miðbænum sé lokað fyrir bílaumferð?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 75,1% |
| NEI | 24,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú í tjaldútilegu í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Forsætisráðherra segir engin lög hafa verið brotin í kaupum Magma á HS Orku:

# Brýn þörf á endurskoðun laga

**ORKUMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir engin lög hafa verið brotin varðandi kaup Magma Energy á hlut Geysis Green Energy ehf. í HS Orku hf.

„Þau lögfræðiálit sem mér hafa verið veitt undanfarið segja að ekki hafi verið farið á svig við lögin,“ segir Jóhanna. „En ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin í þessu samhengi.“

Jóhanna segir engar óeðlilegar leiðbeiningar hafa verið veittar af hálfu iðnaðarráðuneytisins og verið sé að taka málið til umfjöllunar. „Það er einnig fjarri lagi að þrýstingur hafi verið af hálfu Samfylkingar í þessu máli eins og fram hefur komið. Umhverfisráðherra segir að komin séu fram ný sjónarmið í málinu og verið er að skoða þau.“



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, er sammála Jóhönnu og segir allt benda til þess að brotalamir séu í lögunum.

Magma Energy stofnaði skúffufyrirtæki í Svíþjóð til þess að fjármagna kaup sín á 43 prósenta hlut í HS Orku hf. og hafa aðgerðirnar verið harðlega gagnrýndar á Alþingi. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hafði óskað eftir því að mál Magma Energy yrði tekið upp á ríkisstjórnarfundi í gær en var þó ekki sjálf viðstödd fundinn. **- sv**

## Setja ný lög

Fram kom á flokksráðsfundi Vinstri grænna hinn 25. til 26. júní síðastliðinn að flokkurinn leggist eindregið gegn sölu eða langtímaframsali á orkuauðlindum og orkufyrirtækjum.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, telur að nefnd um erlendar fjárfestingar verði að taka kaup Magma Energy á HS Orku aftur til umfjöllunar og mikilvægt sé að setja lög sem segi til um óskoruð yfirráð hins opinbera á orkufyrirtækjum.


*Opið kvennamót*

Okkar árlega Gullmót Hansínu Jens laugardaginn 17. júlí að Kiðjabergi

Veitt verða glæsileg verðlaun að vanda. Besta skor án forgjafar, 1–5 sæti punktar. Nándarverðlaun á öllum par 3 holum. Lengsta dræf á 11 braut.

Veitt verða verðlaun fyrir næst holu í öðru höggi á 18 braut. Í lokin verður dregið úr skorkortum.

**Skráning á www.golf.is**

**Hámarksforgjöf 28**

**Mótsgjald 3.500 kr.**

Gullsmiðja Hansínu Jens




**NÝTT SJÚKRAHÚS** Nýtt skipulag fyrir stækkun Landspítalans var kynnt á föstudaginn. Það var hönnunarteymið SPITAL sem varð hlutskarpast í samkeppninni um áfangaskipt heildarskipulag nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

# Fjármögnun kallar á útboð innan EES

**Þrátt fyrir viljayfirlýsingu lífeyrissjóða um þátttöku í fjármögnun nýs Landspítala er enn óljóst hvort af henni verður þar sem bjóða þarf verkið út á EES-svæðinu. Stefnt er að því að ljúka samningum um hönnunarvinnu í ágúst.**

**FRAMKVÆMDIR** Fjármögnun byggingar nýs Landspítala er hluti af alútboði sem fara þarf fram á Evrópska efnahagssvæðinu vegna verkefnisins.

Nýtt opinbert hlutafélag tók við umsjón með byggingu sjúkrahússins um síðustu mánaðamót. Í upphafi vikunnar hófust viðræður milli félagsins og SPITAL-hópsins sem var sigurvegari samkeppni um hönnun sjúkrahúsbyggingarinnar. Stefnt er að því að niðurstaða fáist í þær viðræður í byrjun ágúst, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Um tuttugu íslenskir lífeyrissjóðir gáfu í fyrra sameiginlega viljayfirlýsingu um þátttöku í fjármögnun spítalabyggingarinnar.

Þrátt fyrir það liggur ekki formlega fyrir hvort af þátttöku þeirra verður og hvernig henni verður þá háttað. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, sem hefur umsjón með aðkomu lífeyrissjóðanna að málinu, segir að vegna EES-reglna hafi alltaf legið fyrir að bjóða þyrfti út fjármögnunina vegna EES-reglna. Fyrst að því loknu skýrist hvernig aðkomu lífeyrissjóðanna verður háttað. Ekki sé útilokað að verktaki vilji sjálfur annast fjármögnun á framkvæmdatíma. Lífeyrissjóðirnir hafa hins vegar þegar skuldbundið sig til að taka þátt í fjármögnun um þriggja milljarða króna kostnaðar við hönnun og undirbúningsframkvæmdir. Einnig hafa þeir mikinn áhuga á þátttöku í langtímafjármögnun, þ.e.a.s. 40 ára leigu ríkissjóðs á fullbúnu sjúkrahúsinu að loknum framkvæmdum.

Þorbjörn segir að ef undirbúningur verksins gangi vel megi reikna með því að undirbúningi ljúki og útboð heildarframkvæmda geti farið fram um mitt næsta ár. Framkvæmdir geti þá hafist seinni hluta næsta árs. **peturg@frettabladid.is**






Boðsdagur borgaryfirvalda fyrir venjulegt fólk sem auðgar samfélagið tókst vel:

# Samfélagshetjur veiddu nóg af laxi

**FÓLK** Tólf veiðimenn og gestir þeirra gerðu góða ferð inn að Elliðaám í gær í boði borgaryfirvalda. Veiðimennirnir voru valdir úr hópi þeirra sem almennir borgarar tilnefndu fyrir að hafa lagt gott af mörkum til samfélagsins.

Fjöldi laxa kom á land þótt mannskapurinn væri misvanur veiðimennsku enda úrvals leiðsögumenn hópnum til halds og trausts. Annar sambærilegur hópur rennir síðan í Elliðaárnar í boði Reykjavíkurborgar 20. júlí.

Dagurinn þar á eftir er hins vegar frátekinn fyrir fyrrverandi borgarstjóra. Er það í boði Orkuveitu Reykjavíkur. „Ekki er enn vitað hverjir munu þekkjast boðið og svo getur farið að það skýrist ekki fyrr en deginum áður,“ segir Hulda Gunnarsdóttir, sérfræðingur upplýsingamála á skrifstofu borgarstjóra, spurð um það hvaða fyrrverandi borgarstjórar og aðrir gestir verði við laxveiðar í Elliðaánum 21. júlí. **- gar**



**HETJUVEIÐI** Jón Valgeir Aðalsteinsson fékk tvo laxa í gær. Hér nýtur hann aðstoðar Jóns Einarssonar, þaulreynds veiðimanns. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug, hótel og flugvallaskattar á tímabilinu 1. nóv.–14. des.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvar er helsti markaður íslenskra æðardúnsútflytjenda?*

2 *Um hvaða pílagrímsgöngu hvaða rithöfundar um Spán var gerð heimildarmynd?*

3 *Hvað heitir sonur Herberts Guðmundssonar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Nefnd stofnuð um gerð nýrrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi:

# Ósátt við aðgerðarleysi stjórnvalda

**FÉLAGSMÁL** Skipuð hefur verið nefnd af Árna Páli Árnasyni, félags- og tryggingamálaráðherra, um gerð nýrrar aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011 til 2015.

Lögð verður sérstök áhersla á samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu, en afar fá mál af þessum toga fara alla leið í dómskerfinu hér á landi. Auk þessa verður mótuð afstaða til meðferðar nýs sáttmála Evrópuráðs í málum kynbundins ofbeldis og endurskilgreiningar verkefna með hliðsjón af honum.

Gildandi aðgerðaáætlun var samþykkt árið 2006 og fólst mestmegnis í viðamiklum rannsóknum á eðli og umfangi ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur bókarinnar Á mannamáli, sem fjallaði um kynbundið ofbeldi á Íslandi, á sæti í nefndinni. Hún hefur gagnrýnt yfirvöld harðlega fyrir úrræði þeirra varðandi kynferðisbrot og er mjög ósátt við framkvæmdir á gildandi áætlun.

„Það er komin mikil pressa á stjórnvöld að standa við þessar áætlanir,“ segir Þórdís. „Hingað til hefur aðgerðarleysið verið til skammar.“ - sv



**ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR** Segir aðgerðarleysið til skammar.

Starf bæjarstjóra á Akranesi:

# Fjörutíu sóttu um starfið

**STJÓRNMÁL** Fjörutíu umsóknir bárust um starf bæjarstjóra á Akranesi en umsóknarfrestur rann út á sunnudag. Þrír umsækjendur hafa síðan dregið umsókn sína til baka.

Bæjarstjórn Akraness fékk Capacent til þess að annast umsóknarferlið og mun fyrirtækið leggja fyrir bæjarstjórn lista með nöfnum þeirra fimm aðila sem það telur hæfasta. Listi umsækjenda verður lagður fram á bæjarráðsfundi á morgun og verður í framhaldinu birtur opinberlega. - mþl

**STJÓRNMÁL**

## Hafna hugmyndum AGS

Þingflokkur framsóknarmanna hafnar hugmyndum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hækkun á virðisaukaskatti matvæla. Samkvæmt hugmyndunum hækkar skattur á matvæli úr 7 prósentum í 25,5 prósent. Framsóknarmenn segja ekki hægt að leggja meiri álögur á fjölskyldurnar í landinu.

**VESTMANNAEYJAR**

## Nýtt skip tilbúið í nóvember

Togveiðiskipið Þórunn Sveinsdóttir VE, sem verið hefur í smíði um hríð, verður tilbúið í nóvember. Skipið var dregið frá Póllandi til Danmerkur í síðustu viku en skrokkurinn var smíðaður í Gdansk í Póllandi og tækjabúnaður verður settur í skipið í Danmörku.


**Háfell óskar eftir starfsmönnum**

Vegna mikillar vinnu framundan við Héðinsfjarðargöng óskar Háfell ehf. eftir reynslumiklum starfsmönnum strax. Við leitum að vönum tækjastjórnendum á hjóla- ,beltagröfur og hjólaskóflur, sem og bílstjórum (ADR réttindi æskileg). Einnig vantar okkur bifvélavirkja eða vélvirkja til að sinna verkstæðisvinnu sem og matráð í mötuneyti starfsmanna.

Unnið er á vöktum í úthaldsvinnu allan sólarhringinn. Um tímabundna vinnu er að ræða en verklok eru 30. september 2010.

Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu fyrirtækisins; www. hafell.is. Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri í s: 575 9500, Daníel yfirverkstjóri við Héðinsfjarðargöng veitir einnig upplýsingar í s: 863 9992

Háfell er leiðandi verktakafyrirtæki í jarðvegsframkvæmdum og sinnir verktakastarfsemi af öllum stærðargráðum. Fyrirtækið býr yfir víðtækri reynslu af mannvirkjagerð og hefur á að skipa öflugum mannafla með mikla þekkingu og nýlegan tækjakost.

háfell

Við lifum á jörðinni!



www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**ÚTBOÐ - Framleiðsla á mat**

Innkaupadeild Hafnarfjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í framleiðslu á mat fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Verkefnið er að framleiða og framreiða mat fyrir ýmsar stofnanir, þjónustumötuneyti og heimkeyrðan mat fyrir aldraða í Hafnarfirði.

Útboðsgögn eru einungis fánleg af heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar www. Hafnarfjordur.is án gjaldtöku.

Tilboðum skal skila á Strandgötu 6 eigi síðar en 29. Júlí 2010 kl. 11:00 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Innkaupastjóri Hafnarfjarðarbæjar.**




**NIKAB-KUFL** Bannið mun ná til um 1.900 kvenna í Frakklandi, en einnig er verið að skoða sams konar reglur í Belgíu og á Spáni. Þessi kona er í svokölluðum Nikab-kufli, þar sem aðeins sést í augu hennar. NORDICPHOTOS/AFP

# Franska þingið samþykkti slæðubann

**Neðri deild franska þingsins samþykkti í gær frumvarp um bann á blæjum sem hylja andlit múslimskra kvenna á almannafæri. Konur verða dæmdar til sektar en menn sem neyða konur til að ganga með blæjur verða dæmdir í fangelsi.**

**FRAKKLAND, AP** Neðri deild franska þingsins samþykkti í gær frumvarp sem bannar notkun blæja sem hylja andlit kvenna. Slíkar blæjur eru yfirleitt hluti af búrkum og nikab-kuflum sem múslimskar konur klæðast. Talið er að um 1.900 konur í Frakklandi klæðist slíkum kuflum.

Frumvarpið fer fyrir öldungadeild þingsins í september og er gert ráð fyrir því að það verði samþykkt þar. Talið er mögulegt að dómstólar muni úrskurða að bannið brjóti í bága við stjórnarskrá landsins. Mikið fylgi er við bannið í Frakklandi þó það sé umdeilt annars staðar.

Bannið var samþykkt með 335 atkvæðum en einn greiddi atkvæði á móti. Margir þingmanna Sósíalistaflokksins gengu út og neituðu að greiða atkvæði vegna ágreinings um frumvarpið. Þeir eru ekki á móti banninu heldur vildu að það yrði aðeins bundið við opinbera staði en samkvæmt frumvarpinu er bannað að hylja andlit sitt á almannafæri. Bannið er þannig ekki takmarkað við múslimskar konur þó það sé sett vegna þeirra. Hvergi er minnst á íslam eða blæjur, en margar undantekningar á banninu eru teknar fram. Meðal undantekninga eru mótorhjólahjálmar og ýmsar tegundir af grímum sem notaðar eru af heilsufarsástæðum, á skíðum eða hátíðum svo dæmi séu tekin.

Verði bannið að veruleika mun hver sú kona sem gengur um með hyljandi blæju verða sektuð um 150 evrur. Þá er hægt að dæma þær til að sitja ríkisborgaranámskeið. Frumvarpinu er þó líka beint að eiginmönnum og feðrum, og hver sá maður sem neyðir konu til að ganga með blæju getur átt 30 þúsund evra sekt yfir höfði sér og árs fangelsisdóm. Bæði sektin og fangelsisvistin tvöfaldast ef konan er undir lögaldri.

Nú þegar hefur verið komið á fót sjóði sem er ætlað að borga sektir þeirra sem verða dæmdir. Það gerði athafnamaðurinn Rachid Nekkaz, sem reyndi að bjóða sig fram til forseta árið 2007. Hann segist vera á móti notkun blæjanna en segir bannið brjóta gegn einstaklingsfrelsi. Stuðningsmenn bannsins hafa hins vegar haldið því fram að andlitsblæjur samræmist ekki frönskum hugmyndum og kynjajafnrétti.

thorunn@frettabladid.is


Minningarár Jóns Sigurðssonar 200

Samkeppni um minjagripi og handverk. Vertu með!

Samkeppnisreglur og upplýsingar: www.jonsigurdsson.is



ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 50728 06/10




* Innifalið: Flug, hótel og flugvallaskattar á tímabilinu 1. nóv.–14. des.

# Hrein og öflug lífræn orka




Grænt te og ginseng. Bragðbætt með Acai safa og granateplum með lágu GI-gildi, sem skilar orkunni hægt út í blóðið og gefur jafnvægi á blóðsykurinn.

Vissir þú að grænt te er vatnslosandi?

Svart te og ginseng. Orkudrykkur sem er ljúffengur á bragðið og ríkur af andoxunarefnum.

Vissir þú að POWERSHOT er svalandi drykkur?

Hvítt te og ginseng. Bragðbætt með kirsuberjasafa og Acai safa sem gefur sætt og ljúffengt bragð.

Vissir þú að lágt GI-gildi gefur jafnvægi á blóðsykurinn?

Haltu blóðsykrinum í jafnvægi




**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla AGS um skattamál

# AGS gagnrýnir ehf-væðingu síðustu ára

**Breyta ætti skattareglum svo einkahlutafélög einyrkja þurfi að greiða tekjuskatt af greiðslum til eigenda að mati sérfræðinga AGS. Þeir telja núverandi fyrirkomulag ófullnægjandi. Leggja til kerfi svipað og á hinum Norðurlöndunum.**

Lagt er til að ýmsar breytingar verði gerðar á íslenska skattkerfinu í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld. Í skýrslunni er farið yfir kosti og galla íslenska kerfisins. Sérfræðingar sjóðsins segja það að mörgu leyti gott, sér í lagi þar sem það sé fremur einfalt og með fáum undantekningum.

Skattkerfið er þó fráleitt gallalaust að mati AGS, og eru meðal annars gerðar athugasemdir við svokallaða ehf-væðingu sem orðið hefur á undanförnum árum. Undanfarið hafa einyrkjar haft umtalsverðan hag af því að stofna einkahlutafélög utan um reksturinn til að geta tekið hluta af tekjunum af vinnu sinni út úr félögunum sem hagnað en ekki hefðbundin laun.

Af venjulegum tekjum greiða launamenn skatt á bilinu 37,2 til 46,1 prósent. Af hagnaði fyrirtækja er hins vegar greiddur samtals 32,7 prósenta skattur.

Til að koma í veg fyrir að einyrkjar greiði sjálfum sér engin laun og taki allar tekjur umfram útgjöld sem hagnað þurfa þeir að greiða sjálfum sér eðlileg laun. Ríkið ákveður á hverju ári hver lágmarkslaun í hinum ýmsu stéttum einyrkja eru, allt frá smiðum að taugaskurðlæknum. Allt umfram launin, sem kölluð eru reiknað endurgjald, er svo hægt að taka út sem hagnað, og greiða af því lægri skatt.

Sérfræðingar AGS gera alvarlegar athugasemdir við þetta kerfi, og segja það ófullnægjandi. Þeir benda á að lágmarkslaun hinna ýmsu stétta virðist allt of lág, og þau hafi ekki hækkað frá árinu 2007, þrátt fyrir miklar breytingar á almennum launum frá þeim tíma. AGS leggur til að farin verði sama leið hér á landi og á hinum Norðurlöndunum til að koma í veg fyrir þetta vandamál.

Í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð eru notuð annars konar kerfi, sem taka mætti upp hér á landi, að mati sjóðsins. Þar er sett ákveðið hámark á hagnað fyrirtækja byggt á eignum þeirra. Leyfilegt er að taka eðlilegan hagnað út úr fyrirtækjunum, en allt umfram það verður að reikna sem laun.

Þetta þýðir að lítil einkahlutafélög með takmarkaðar eignir verða að fara með greiðslur til eigenda, sem jafnframt eru starfsmenn félagsins, eins og laun.



**MÓTMÆLI** Boðað var til mótmæla fyrir utan skrifstofu AGS við Hverfisgötu í hádeginu í gær. Að sögn lögreglu voru á milli 20 og 30 mótmælendur á staðnum. Tveir slettu rauðri málningu á hús og gangstétt, og var annar þeirra handtekinn. Honum var sleppt að lokinni skýrslutöku. Mótmælin voru boðuð áður en upplýst var um tillögur AGS í skattamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Leggja til lægri skatta á tekjulága

| Mánaðartekjur | 350 þúsund krónur | 500 þúsund krónur | 750 þúsund krónur |
|---|---|---|---|
| Núverandi skattkerfi | 134.620 kr. í skatt | 194.800 kr. í skatt | 301.100 kr. í skatt |
| Tillaga AGS | 130.200 kr. í skatt | 198.500 kr. í skatt | 316.500 kr. í skatt |

Heimild: Ríkisskattstjóri og skýrsla AGS. Upphæðir eru reiknaðar án persónuafsláttar.

Hugmyndir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um að fækka skattþrepunum úr þremur í tvö myndu lækka skattbyrði fólks með undir 450 þúsund krónur í mánaðartekjur en hækka byrðar þeirra sem eru með hærri tekjur, samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins.

Tillögur AGS eru reifaðar í skýrslu um íslenska skattkerfið, sem unnin var að beiðni íslenskra stjórnvalda, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær.

Í tillögum AGS er gert ráð fyrir 37,2 prósenta skatti á mánaðartekjur að 375 þúsund krónum, og 47,2 prósenta skatt á tekjur yfir þeim mörkum.

Í því skattkerfi sem er við lýði á Íslandi í dag greiðir fólk 37,2 prósenta skatt á tekjur að 200 þúsundum, 40,1 prósent af tekjum frá 200 þúsundum að 650 þúsundum, og svo 46,1 prósent af tekjum yfir 650 þúsundum.

Yrðu tillögur AGS teknar upp hér á landi myndi einstaklingur með 300 þúsund krónur í tekjur á mánuði greiða um 3.000 krónum lægri upphæð í skatt á mánuði. Einstaklingur með 800 þúsund króna tekjur myndi aftur á móti greiða um 16.000 krónum meira á mánuði.




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


Verðbólga eykst um 2,6 prósent hækki virðisaukaskattur í samræmi við hugmynd AGS:

## Höfuðstóll lána hækkar um 33 milljarða

Höfuðstóll verðtryggðra lána íslenskra heimila gæti hækkað um samanlagt ríflega 33 milljarða króna fari ríkisstjórnin að tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og hækki virðisaukaskatt á öllum vörum í 25,5 prósent.

Matvörur, heitt vatn, rafmagn, bækur, blöð, tímarit, hljómplötur og fleira ber í dag sjö prósenta virðisaukaskatt, en aðrar vörur 25,5 prósent. Í tillögum AGS, sem unnar voru fyrir íslensk stjórnvöld, er meðal annars sett fram sú hugmynd að leggja 25,5 prósenta virðisaukaskatt á allar vörur.

Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins myndi það hækka vísitölu neysluverðs, og þar með verðbólguna, um 2,6 prósent. Það myndi hafa bein áhrif á höfuðstól verðtryggðra lána. Þannig myndi höfuðstóll verðtryggðs húsnæðisláns sem stendur í dag í 20 milljónum hækka um 520 þúsund krónur yrðu hugmyndir AGS að veruleika.

Ekki var hægt að fá nýjar upplýsingar um heildarupphæð verðtryggðra skulda íslenskra heimila hjá Seðlabankanum í gær. Í lok árs 2008 stóðu skuldirnar í 1.175 milljörðum króna.

Miðað við þróun verðlags má áætla að verðtryggðar skuldir íslenskra heimila standi í um 1.285 milljörðum króna í dag. Þær myndi hækka um ríflega 33 milljarða yrðu hugmyndir AGS að breytingum á virðisaukaskatti að veruleika.

Forsætisráðherra ósammála skýrslu AGS varðandi tillögur að skattabreytingum:

# Hækkun skatta óhjákvæmileg

**STJÓRNSÝSLA** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir skattahækkanir af einhverju tagi vera nauðsynlegar til að auka tekjur ríkissjóðs. Hún telur það vera af hinu góða að fá hugmyndir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) varðandi breytingar á skattakerfinu, en þó séu lokaákvarðanir alfarið í höndum stjórnvalda.

Forsætisráðherra segir ekki koma til greina að hækka tekjuskatt hjá meðaltekjufólki.

„Verið er að tala um 375 þúsund króna tekjumörk í því sambandi og í mínum huga kemur það ekki til greina. Einnig verður mjög vafasamt að fara í hækkanir á virðisaukaskatti matvæla,“ segir forsætisráðherra.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Ekki er hægt að horfa á málið frá þröngum sjónarhóli hagvaxtar eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir, heldur verður einnig að horfa á hvað heimilin í landinu þola í þessu sambandi.“

Fjármálaráðuneytið óskaði eftir úttekt á íslenska skattkerfinu hjá AGS og tillögum um hvernig auka mætti tekjur ríkisins og ætti hækkunin að nema einni til tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu á komandi árum, eða 15 til 30 milljörðum króna miðað við síðasta ár. Samkvæmt tillögum AGS ætti meðal annars að hækka skatt á matvælum úr 7 prósentum upp í 25,5 prósent og leggja niður lægra þrep virðisaukaskattsins. - sv



Fjölbreyttustu

# sturtulausnir á Íslandi

**Eitt hagstæðasta verð á markaðnum**

til afgreiðslu af lager



8-10 mm rammalaust öryggisgler

## STURTUSKJÓL

70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm

## HURÐIR OG VEGGIR

**GLERVEGGIR með hurð**
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 150, 155, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

**GLERENDAVEGGIR**
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm

## heilir STURTUklefar

Hert öryggisgler allan hringinn
Nuddsturtusett fylgir




70x70 75x75 80x80 90x90




80x80 90x90

## STURTUhorn




70x70 75x75 80x80 90x90




80x80 90x90

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR
KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 **Lokað á laugardögum** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin ber ábyrgð á skattahækkunum, ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

## Auðvelda leiðin

Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslenzka skattkerfið hefur vakið nokkra athygli, enda er þar að finna að því er virðist róttækar tillögur um hærri skatta. Það er þó ekki þannig að AGS leggi til skattahækkanir að fyrra bragði. Það er ríkisstjórn Íslands, sem biður um skýrsluna og þar kemur skýrt fram að sé vilji til þess hjá íslenzkum stjórnvöldum að hækka skatta, megi fara þessa eða hina leiðina að því marki. Ríkisstjórnin getur því að sjálfsögðu ekki skotið sér á bak við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, ákveði hún að hækka skatta enn frekar. Hún ber ábyrgðina sjálf, rétt eins og á þeim skattahækkunum sem þegar hafa verið ákveðnar.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Skýrsla AGS er raunar athyglisverð lesning fyrir margra hluta sakir. Þar kemur til að mynda fram sú ályktun að Íslendingar séu alls ekki minna skattlagðir en til dæmis hinar Norðurlandaþjóðirnar. AGS tekur skyldugreiðslur í lífeyrissjóði með í reikninginn og fær út þá niðurstöðu að Íslendingar beri einna þyngstu skattbyrðina í OECD. Þetta er í andstöðu við það sem talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gjarnan haldið fram.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geldur sömuleiðis varhug við þrepaskiptu tekjuskattkerfi með stighækkandi skattprósentu. Sé farið yfir ákveðin mörk í því tilliti, skaði það beinlínis tekjuöflun ríkissjóðs. Sérfræðingar AGS benda á að flest ríki, sem nýti ríkisfjármálin til að jafna tekjur þegnanna, nái markmiðum sínum á gjaldahliðinni, með því að greiða bætur til tekjulágra, en noti ekki skattkerfið til tekjujöfnunar. Þetta gengur sömuleiðis gegn málflutningi ríkisstjórnarflokkanna í skattamálum.

Rauði þráðurinn í tillögum AGS er að einfalda skattkerfið og breikka skattstofnana. Það er ekki sú stefna, sem ríkisstjórnin hefur fylgt, heldur hefur hún þvert á móti flækt kerfið. Í þessu ljósi ber að skoða tillögu AGS um að setja allar vörur í sama virðisaukaskattþrep, enda fylgir henni sú ábending að bregðast yrði við slíkri skattahækkun með því að verja umtalsverðum hluta teknanna til þess að styðja við láglaunafjölskyldur.

AGS varar raunar við hugsanlegum áhrifum skattahækkana og bendir til dæmis á það augljósa, að hækkun neyzluskatta myndi velta út í verðlagið, auka verðbólgu og þyngja enn greiðslubyrði þeirra sem eru með verðtryggð lán.

Í skýrslu AGS kemur ekkert fram um að ríkisstjórnin neyðist til að hækka skatta. Það er eftir sem áður val ráðherranna, hvort þeir ná jöfnuði í ríkisfjármálunum með því að hækka skattana eða með því að skera frekar niður í rekstri ríkisins. Niðurskurður er erfiðari í framkvæmd, enda margir vel skipulagðir þrýstihópar og hagsmunasamtök á móti honum. Skattgreiðendur eru stór hópur, sem hefur ekki skýrt skilgreinda hagsmuni og á sér enga sérstaka talsmenn. Þess vegna telja stjórnmálamenn oft að það sé auðveldara að hækka skatta en að skera niður. Í skýrslu AGS eru engin rök fyrir að það sé leiðin sem á að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

18 V höggborvél



Verð með vsk.

69.900

DC988KL
Öflug 18 V borvél m. höggi
3ja gíra, 0-450/1450/2000
Átak 52 Nm.
2x2,0 Ah Li-Ion rafhlöður
40 mín. hleðslutæki
Taska fylgir

PIPAR\TBWA • SÍA • 101493

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 – Reykjavík / Bæjarhrauni 12 – Hafnarfirði

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mörður í vatnsglasi

Mörður Árnason segir Magma málið vera storm í vatnsglasi. „Það skiptir engu máli hvort útlendingurinn er kanadískur eða sænskur, ef hann fer að íslensk-evrópskum lögum," bloggar Mörður. „Það er líka fjarstæða að halda því fram að hérmeð sé hið illa alþjóðaauðvald að eignast íslenskar auðlindir." Málið er hins vegar að stór partur úr samstarfsflokki Samfylkingarinnar er ekki sammála þessari greiningu. Það er því nokkuð stórt, vatnsglasið sem Mörður talar um, og hann er í miðri hringiðunni.

### Dýrt

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Jón Ásgeir Jóhannesson þurfi að greiða að minnsta kosti 140 milljónir króna í málskostnað fyrir að verjast kyrrsetningu eigna sinna í London og jafnvel allt upp í 180 milljónir.



### Allt fyrir aleiguna

Fari svo er málskostnaðurinn þegar orðinn 75 prósent af andvirði allra eigna Jóns Ásgeirs. Þær nema 240 milljónum króna samkvæmt lista sem hann hefur lagt fram í London. Eignirnar eru hins vegar kyrrsettar og verða því ekki nýttar til að greiða málskostnaðinn. Jón Ásgeir ætlar með öðrum orðum að *eyða* jafnvirði nærri aleigu sinnar til að verjast kyrrsetningu aleigu sinnar. Það er sérstakt hagsmunamat.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# ESB-umsóknin verður endurskoðuð

Evrópumál



Ásmundur Einar Daðason

þingmaður Vinstri grænna

Fyrir þinglok í júní sl. stóð undirritaður að því, ásamt þingmönnum úr 3 öðrum flokkum, að leggja fram þingsályktunartillögu sem felur það í sér að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka. Samkvæmt nýjum skoðanakönnunum er mikill meirihluti þjóðarinnar andvígur þessari umsókn en það er einungis meðal kjósenda Samfylkingarinnar þar sem meirihluti er fyrir umsókninni og aðild að ESB. Mikill meirihluti kjósenda annarra flokka er mótfallinn aðild Íslands að ESB. Hlutföllin eru svipuð þegar kemur að stuðningi við það að draga aðildarumsókn Íslands til baka. Samfylkingin er að verða einangruð í afstöðu sinni til ESB-umsóknarinnar og jarðvegur er að myndast fyrir það að stöðva aðlögunarferlið sem nú er hafið. Þessu tækifæri ættu þeir að taka fagnandi sem raunverulega eru mótfallnir ESB-aðild Íslands.

ESB hefur verið erfitt mál fyrir Vinstri græn en mikil andstaðan hefur verið frá fyrsta degi við að lögð yrði inn aðildarumsókn. Nú hefur þessi andstaða vaxið enn meðal grasrótar VG og er afdráttarlausari en hún var í upphafi aðildarferlisins. Þetta kom skýrt fram á flokksráðsfundi VG, sem haldinn var í lok síðasta mánaðar. Fyrir fundinum lá tillaga sem fól það í sér að aðildarumsóknin yrði dregin til baka og undir þessa tillögu skrifuðu 20 flokksmenn víðs vegar af landinu, þar af margir sveitarstjórnarmenn, formenn svæðisfélaga o.fl.

Miklar umræður voru um ESB-umsóknina og fundurinn lýsti því yfir að forsendur umsóknarinnar sem lagt var af stað með væru brostnar og því væri mikilvægt að taka málið til gagngerrar endurskoðunar. Ákveðið var að vísa þeirri endurskoðun til sérstaks málefnaþings sem haldið verður á haustdögum og í framhaldinu yrði flokksráðsfundur þar sem tekin yrði ákvörðun um framhald umsóknarinnar og aðildarferlisins. Þrátt fyrir að það vantaði allmarga fulltrúa af landsbyggðinni, þar sem andstaðan við ESB-aðild er alla jafna sterkari, þá var mjög greinilegt á fundinum að krafan um að umsóknin verði dregin til baka nýtur vaxandi og víðtæks stuðnings í grasrót flokksins.

Nú er mikilvægt að stjórnvöld einbeiti sér að þeim stóru verkefnum sem þjóðin glímir við og haldi þannig endurreisninni áfram. Því eigum við að leggja til hliðar kostnaðarsöm gæluverkefni sem þjóðin er mótfallin og einbeita okkur að verkefnum sem tengjast endurreisn Íslands með beinum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að beisla markaðinn á tímum niðurskurðar

Í dag

Joseph Stiglitz
Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla



Það er ekki svo langt síðan allir gátu sagst vera orðnir hallir undir kenningar Keynes. Fjármálageirinn og kenningin um óhefta markaði hafði næstum riðið heiminum að fullu. Markaðirnir leiðréttu sig augljóslega ekki sjálfir. Afnám regluverks reyndist ömurleg mistök.

„Nýjungarnar“ sem nútíma fjármálakerfið kynnti til sögunnar leiddu ekki til meiri langtímaskilvirkni, hraðari vaxtar eða meiri hagsældar fyrir alla. Þær voru hannaðar til að komast framhjá bókhaldi og sköttum, sem hið opinbera þarf til að fjárfesta í grunnstoðum og tækni, sem liggja að baki raunverulegum vexti en ekki draugavexti eins og þeim sem fjármálageirinn bauð upp á.

### Heimili er ekki ríki

Fjármálageirinn predikaði ekki aðeins hvernig ætti að skapa kraftmikið hagkerfi, heldur líka hvernig ætti að bregðast við kreppu (sem ríkisvaldið gat aðeins orsakað, samkvæmt hugmyndafræðinni, ekki markaðurinn). Í samdrætti minnka ríkistekjur og útgjöld aukast, til dæmis vegna atvinnuleysisbóta. Í framhaldi af því eykst fjárlagahallinn.

Harðlínumenn úr röðum fjármálageirans töldu að ríkisvaldið ætti að einblína á að eyða fjárlagahallanum, helst með því að halda aftur af útgjöldum. Niðurskurðurinn myndi endurreisa traust, sem myndi glæða fjárfestingar nýju lífi – og þar með vöxt. Þótt þessi röksemdarfærsla kunni að hljóma sannfærandi, hefur sagan ítrekað sýnt að hún gengur ekki upp.

Þegar Hernert Hoover Bandaríkjaforseti reyndi þessa forskrift, stuðlaði það að því að hrunið á verðbréfamörkuðum 1929 breyttist í Kreppuna miklu. Þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reyndi sömu formúlu í Austur-Asíu árið 1997, breyttist niðursveifla í samdrátt, sem varð að lokum að kreppu.

Röksemdarfærslan fyrir þessari kenningu er gölluð. Heimili sem skuldar meiri peninga en það getur endurgreitt með góðu móti, verður að halda útgjöldunum í skefjum. En þegar ríkisvald gerir þetta, dregur úr framleiðslu og tekjum, atvinnuleysi eykst og ríkið hefur minna á milli handanna til að endurgreiða skuldirnar. Það sem á við heimili á ekki við um ríki.

Aðrir vara við því að ríkisútgjöld keyri upp stýrivexti og kæfi þannig einkafjárfestingu. Þetta eru gild sjónarmið í góðu árferði þegar atvinnuástand er eðlilegt. En þau eiga ekki við núna, í ljósi þess hversu ótrúlega lágir langtímastýrivextir hafa verið.

Í Evrópu, sérstaklega Þýskalandi, og í vissum ríkjum Bandaríkjanna eykst krafan um aðhald í samræmi við aukinn fjárlagahalla og skuldasöfnun. Ef orðið verður við því, eins og raunin virðist vera í mörgum löndum, gæti það haft skelfilegar afleiðingar í för með sér, sérstaklega í ljósi þess hversu viðkvæm endurreisnin er. Hagvöxtur verður lítill, kreppan gæti aftur náð undirtökum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Örvunaraðgerðir, uppáhalds Grýla harðlínumannanna, eru ekki helsta ástæðan fyrir auknum ríkisútgjöldum og skuldasöfnun; þær eru afleiðingar skattalækkana og aukinnar eyðslu sem fylgja jafnan hagsveiflum. Aðhald dregur úr hagvexti og skuldirnar eiga í besta falli eftir að lækka örlítið.

### Einföld uppskrift

Hagfræði í anda Keynes virkaði: hefði það ekki verið fyrir örvunaraðgerðir ríkisvaldsins hefði kreppan verið lengri og dýpri og atvinnuleysi enn meira. Þetta þýðir ekki að við eigum að hunsa skuldastöðuna. En það sem máli skiptir eru langtímaskuldir.

> Heimili sem skuldar meiri peninga en það getur endurgreitt með góðu móti, verður að halda útgjöldunum í skefjum. En þegar ríkisvald gerir þetta, dregur úr framleiðslu og tekjum, atvinnuleysi eykst og ríkið hefur minna á milli handanna til að endurgreiða skuldirnar. Það sem á við heimili á ekki við um ríki.

Keynes-hagfræðin býður upp á einfalda uppskrift: í fyrsta lagi forgangsraða; hætta að eyða peningum í óuppbyggilega hluti á borð við stríðin í Írak og Afganistan eða til að bjarga bönkum án þess að það blási lífi í lánveitingar, en verja fénu þess í stað í fjárfestingar sem gefa vel af sér.

Í öðru lagi að ýta undir neyslu og stuðla að jafnari lífskjörum og skilvirkni. Það má gera með því að skattleggja fyrirtæki sem endurfjárfesta ekki og lækka skatta til þeirra sem það gera; hækka skatta á hagnað af spákaupmennsku (til dæmis í fasteignaviðskiptum) eða fyrirtæki sem losa út mikið af gróðurhúsalofttegundum, en lækka skatta á þá tekjuminnstu.

Önnur úrræði gætu komið gagni. Stjórnvöld ættu til dæmis að hlaupa undir bagga með bönkum sem lána litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þar sem mesta atvinnusköpunin á sér stað – eða að koma nýrri stofnun á laggirnar sem tæki það að sér, frekar en að styrkja stóra banka sem hagnast á afleiðuviðskiptum eða snúningum í kreditkortaviðskiptum.

### Dyntóttur húsbóndi

Fjármálageirinn hefur lagt mikið á sig til að skapa kerfi sem styrkir málstað hans; á frjálsum og opnum fjármálamarkaði getur fjármagnið flætt yfir lítið land eina stundina en þá næstu eru vextirnir orðnir himinháir eða fjármagnið hefur verið flutt annað. Við slíkar aðstæður virðast lítil lönd ekki eiga neinna kosta völ: fjármálageirinn heimtar aðhald af hálfu ríkisins ellegar flytur hann burt með peningana sína. Fjármálamarkaðurinn er hins vegar strangur og dyntóttur húsbóndi. Daginn eftir að Spánn tilkynnti um aðhaldsaðgerðir lækkuðu ríkisverðbréf landsins um flokk. Vandinn var ekki lítil trú á að spænsk yfirvöld myndu standa við loforðin, heldur trú á að þau myndu einmitt gera það og það myndi draga úr hagvexti og auka atvinnuleysi, sem þegar var í 20 prósentum. Eftir að hafa siglt hagkerfi heimsins í strand, eru skilaboð fjármálageirans til landa eins og Spánar og Grikklands: ef þið skerið ekki niður hafið þið verra af en ef þið skerið niður munuð þið líka hafa verra af.

### Peningar eru ekki markmiðið

Fjármagn er leið til að ná ákveðnu markmiði, ekki markmiðið sjálft. Það á að þjóna hagsmunum samfélagsins, ekki öfugt. Að koma böndum á fjármálamarkaði verður ekki auðvelt en það er hægt og verður að gera, með blandaðri aðferð skattlagningar og reglugerða. Í sumum tilfellum verður hið opinbera að hlaupa til og veita ákveðna þjónustu (sem það er þegar byrjað að gera, til dæmis með lánum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja).

Það þarf ekki að koma á óvart þótt fjármálageirinn vilji ekki láta koma taumhaldi á sig. Fyrirkomulagið hentaði honum vel eins og það var. Þar sem lýðræðið er veikt og spilling landlæg hefur fjármálageirinn úrræði til að sporna við breytingum. En góðu heilli hafa íbúar Evrópu og Bandaríkjanna fengið sig fullsadda. Sú stund er runninn upp að koma böndum á markaðinn. Það er enn margt ógert í þeim efnum.

*©Project Syndicate. Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

airgreenland.com







Höfuðborg Grænlands
- spennandi áfangastaður

Þú færð nýja sýn á lífið í ferð til Nuuk. Í þessari aðlaðandi höfuðborg mætast fortíð og framtíð í götumynd gamalla tréhúsa og nýrra bygginga. Það er ógleymanleg tilfinning að sigla inn 100 km langan Nuuk fjörðinn með 1000 metra há fjöll á hvora hlið og sjá í fjarðarbotninum hvernig skriðjökulinn teygir sig ofan í sjó. Frá Nuuk er einnig upplagt að heimsækja þorpið Kapisillit og kynnast hefðbundnu veiðimannaþorpi í stórfenglegri náttúru.

FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NUUK, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS 38.093,- ISK*
Skattar og gjöld innifalin.

*1.749 DKK. Miðað við Visa kortagengi 08.07.2010 og 21.78 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50
1960-2010
air greenland

# Málvernd eða stöðnun?

Íslenskt mál




Þorgrímur Gestsson
blaðamaður og rithöfundur


Það gleður mig að við Ásgrímur Angantýsson, málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins, skulum vera sammála um „það meginsjónarmið íslenskrar málstefnu að það beri að varðveita íslenskt málkerfi í megindráttum og efla málnotkun á sem flestum sviðum“. En samt skil ég ekki enn hvar skilin eru á milli eðlilegra athugasemda við málfar og „bókstafstrúarmanna með staðnaðan hugsunarhátt“ – ef svo mætti að orði komast.

Með öðrum orðum: Hvernig ber að skilgreina „dómhörku og alltof ríka tilhneigingu til umvöndunar í umræðu og ábendingum um málfar“?

Falla til að mynda meistari HH, Hallbjörn Halldórsson prentari, og Jón Helgason ritstjóri, svo tveir „málvöndunarmenn“ fortíðarinnar séu nefndir, undir þá skilgreiningu? Og telst þá hugsunarháttur þeirra sem halda enn uppi málvöndunarumræðu, nærri 70 árum síðar, vera staðnaður?

Ég velti t.d. fyrir mér hvort sé of mikil dómharka að gera athugasemd við þau orð fréttamanns í tíufréttum Sjónvarps 12. júlí sl. að einhverjir kaupsýslumenn vildu „festa kaup á kolkrabbann getspaka“, sem spáði rétt um úrslit allra leikjanna í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Eða að benda fólki á að það sé einfaldlega ekki rétt að segja „spá í því“ eins og nánast allt ungt fólk segir og ég heyrði í Ríkisútvarpinu nýverið (þetta er samsláttur á orðatiltækjunum „spá í það“ og „pæla í því“ svo það sé á hreinu).

Er óviðeigandi „neikvæðni“ fólgin í því að benda fréttamönnum Ríkisútvarpsins á að „hlutabréf“ og „hlutafé“ er tvennt? Nú er „hlutafé“ oftast haft um hvort tveggja. Eða leyfist manni að benda á ofnotkun viðtengingarháttar án þess að vera nefndur „bókstafstrúarmaður“? Eitt sinn var sagt við mig í verslun: „Það er þarna í hillunni ef það sé til“. Eða ofnotkun svonefnds dvalarhorfs? „Ég er ekki að skilja þetta“. Ég hef áður skrifað grein um það sem ég nefndi „andlát sagnbeyginga“; ég benti á að ef sögnin „að vera“ og nafnháttur umsagnarinnar er ætíð notað í stað einfaldrar nútíðar (ég skil þetta ekki) stendur sögnin óbeygð. Íslenskufræðingar fullyrða sumir að þetta sé hættulaust en ég fullyrði á móti að með þessari breytingu sé verið að útrýma sagnbeygingum, einu af einkennum íslenskrar tungu.

Það er einkennandi fyrir yngri kynslóðir íslenskufræðinga að þeir eru hræddir við hinar „einstrengingslegu viðmiðanir um rétt og rangt“. Þess vegna er að þeirra mati eina rétta leiðin að líta á öll afbrigði í málfari sem „málvenju“. Þetta kann að eiga við um sumt en ef þessu er fylgt allt til enda kallast það ekkert annað en að tungumálið sé látið reka á reiðanum (það er einmitt reiðareksstefnan, sem ráðunauturinn nefnir nokkuð hæðnislega í upphaflegri grein sinni).

Íslendingar eru eina Norðurlandaþjóðin sem hefur aldrei týnt ritmáli sínu. Íslenskur almenningur hefur alla tíð getað notfært sér þetta forna ritmál sem hefur verið eins konar „lím“ hins talaða tungumáls. Af þeim sökum hefur íslenskan breyst mun minna en önnur tungumál á Norðurlöndum til þessa en í seinni tíð hefur hún haft tilhneigingu til að þróast í sömu átt og þau hafa gert, til einföldunar og fábreytni í orðavali. Gegn þessu tel ég nauðsynlegt að sporna.

Fyrrnefndur Hallbjörn Halldórsson skrifaði árið 1944 að framtíðarhugsjón okkar Íslendinga um íslenskt mál ætti að vera að skila því til eftirkomendanna að þúsund árum liðnum minna breyttu en eftir þúsund árin sem enduðu þá „en miklum mun auðugra, tamdara, ræktaðra, fágaðra og fullkomnara, svo að Íslendingar, er lifa og minnast vor og feðra vorra á þjóðhátíðinni 17. dag júnímánaðar árið 2944, eigi ekki erfiðara með að skilja ræðu fyrsta forseta Íslands á Lögbergi að Þingvöllum þennan dag í ár en vér til dæmis ræðu Einars Þveræings nú eða Hafursgrið, ef þau eru skilmerkilega lesin og skynsamlega flutt.“

Hvort er málrækt í þessum anda staðnaður hugsunarháttur og rakalaus gagnrýni eða umræða sem við eigum að þora að taka?






# Friður og frjáls viðskipti

Evrópumál


Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra




Eitt meginþema Evrópusögunnar í aldanna rás voru árekstrar og styrjaldarátök grannríkja. Ósætti Frakka, Þjóðverja og Breta veldur ægilegum Evrópustyrjöldum á tuttugustu öld. Ekki ber að gleyma því hvað Íslendingar máttu líða vegna ófriðar á hafinu. Allir gátu fagnað því markmiði Rómarsamnings sexveldanna frá 1957 að sætta erfðafjendur með það nánu ríkjasamstarfi að hernaðarátök yrðu úr sögunni. Efnt var til tollabandalags og margvíslegs frekara samstarfs en frjálsra vöruviðskipta. Úr þessu varð í mörgum áföngum Evrópusamband nútímans með 27 aðildarríkjum. Á fyrra tímaskeiði var þetta samstarf hvatinn að stofnun EFTA.

Þótt Íslendingar væru fyrst eftirbátar um að koma á viðskiptafrelsi, urðum við þátttakendur með aðildinni að EFTA 1970 sem tengdi okkur við samrunaferlið í Evrópu. Síðasta stóra skrefið var aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu, stundum kallað aukaaðild að ESB. Skoðanakannanir eru mjög í tísku nú til dags og sífellt klifað á stefnubreytingu sem þær boði. Aðildin að NATO, EFTA og EES voru allt annað en ljúf viðfangsefni gagnvart almenningsálitinu. Þá var það Sjálfstæðisflokkurinn, kjölfestan við að marka stefnuna í utanríkismálum, sem tók slaginn.

Eins og fyrri daginn blæs nú nokkuð á móti varðandi viðhorf Íslendinga um samstarf við aðrar þjóðir. Vafalaust hafa hrunið og Icesave-deilan við Breta og Hollendinga haft sín áhrif á skoðanir fólks í Evrópumálum. Þess ber að gæta, að gert er ráð fyrir að Ísland fari úr kreppunni á næsta ári enda glæðist hagvöxturinn fyrir áramót. Og ætti ekki Icesave-deilan að leysast þegar fyrir liggur að Íslendingar standa við sínar skuldbindingar? Hagræði þess að vera fullgildur aðili að Evrópusambandinu er bættur efnahagslegur stöðugleiki í myntbandalagi, en að sjálfsögðu að því tilskildu að um semjist varðandi sérmál okkar, einkum sjávarútvegsmálin. Evrópusamvinnan heldur sínu fulla gildi sem varanlegur kostur og nú er framundan að ljúka aðildarsamningi okkar og leggja fyrir þjóðina. Fráleitt væri að draga aðildarumsókn Íslands til baka.

Sagan endurtekur sig varðandi Evrópumálin. Það var hart barist á vettvangi íslenskra stjórnmála um aðild Íslands að EFTA fyrir röskum 40 árum. Þeim sem þetta ritar er minnisstætt þegar sú aðild var samþykkt á Alþingi síðla árs 1969 með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og þriggja þingmanna Alþýðubandalags. Við Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, sem höfðum unnið að þeim samningum undir forystu Gylfa Þ. Gíslasonar viðskiptaráðherra, vorum viðstaddir á Alþingi þá stundina. Gylfi mælti fyrir aðildinni og þegar Bjarni Benediktsson hafði talað fyrir hönd Sjálfstæðismanna mátti skynja að málið var útrætt. En stuðningur Alþýðubandalagsmanna undir forystu Hannibals Valdimarssonar var þýðingarmikill og ekki síst vegna þess, að Jón Baldvin Hannibalsson hóf þá farsæla þátttöku í Evrópuumræðunni með setu í undirbúningsnefndinni að EFTA aðildinni. Það varð strax sátt um aðildina að EFTA. Á árunum 1970-1976 sem höfundurinn var fastafulltrúi hjá EFTA voru það viðskiptaráðherrarnir Gylfi Þ. Gíslason, Lúðvík Jósepsson og Ólafur Jóhannesson sem þar höfðu forsvar um þátttöku Íslands og allir gerðu það skörulega á ráðherrafundunum tvisvar á ári. Tveir þeirra voru þó ekki hlynntir aðild í upphafi.

Þeim fækkar sem eru á lífi og stóðu að samningnum um inngönguna í EFTA. Þess er minnst hversu þýðingarmikið það var að hafa tryggan pólitískan stuðning á heimavettvangi þrátt fyrir óróleika í umræðunni. En það er einmitt þetta sem á við nú þegar við gerum út meistaralið til samninga um ESB aðild. Alþingi samþykkti að leita aðildar að ESB og þeir samningar eru að hefjast. Ætla þá einhverjir að sitja með hendur í skauti í stað þess að styðja okkar lið á þeim mikla vettvangi samninga sem nú er framundan?

Ég hef þá trú að þar megi vel takast til og Íslendingar njóti aðildar í margvíslegu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir.






**HEIMASMURT NESTI** er langbest í ferðalagið. Gaman getur verið að láta hugmyndaflugið ráða en annars er ótrúlegt hvað einföld samloka með smjöri og osti bragðast miklu betur fyrir utan bæjarmörkin en heima í eldhúsi.




**Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












„Þetta land virðist af einhverjum ástæðum gleymast í umræðunni um áhugaverða ferðastaði en hefur margt til brunns að bera," segir Brynja Dögg Friðriksdóttir, um Hvíta-Rússland sem hún heimsótti fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Utan alfaraleiðar

**Brynja Dögg Friðriksdóttir, nemi í heimildarmyndagerð, myndaði ferð starfsmanna Rauða kross Íslands til Hvíta-Rússlands í febrúar síðastliðnum og uppgötvaði margt áhugavert í þessu síðasta einræðisríki Evópu.**

„Þegar ég heyrði af verkefninu hafði ég samband við Rauða krossinn og spurði hvort ég mætti slást með í för. Þar var vel tekið í hugmyndina og fyrr en varði var ég á ferðalagi um snævi þaktar sléttur Hvíta-Rússlands," segir Brynja Dögg Friðriksdóttir, meistaranemi í heimildarmyndagerð við University of Salford í Manchester, sem hefur gert mynd um för starfsmanna Rauða kross Íslands til Hvíta-Rússlands, þar sem þeir afhentu gám með gjöfum fyrir ungbörn og bágstadda í febrúar síðastliðnum.

Hópurinn var að störfum í fimm daga og segir Brynja margt hafa komið sér á óvart. „Ég vissi lítið um landið áður en ég lagði af stað, annað en það sem ég hafði kynnt mér á netinu. Hins vegar komst ég að raun um að íbúarnir eru mjög gestrisið fólk og áhugasamt um menningu annarra þjóða. Maturinn er góður og fjölbreyttur, sérstaklega í Minsk, arkitektúrinn mikilfenglegur og náttúran stórbrotin með sínum fallegu sléttum, sem ég myndi vilja sjá að sumarlagi."

Brynja viðurkennir hins vegar að Hvíta-Rússland eigi sér skuggahliðar. „Bilið er mikið á milli þeirra efnuðu og fátæku. Eins er mikill munur á lífskjörum íbúa á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni þar sem fólk getur þurft að ferðast tugi kílómetra til að fá viðunandi heilbrigðisþjónustu. Það er þó gott til þess að vita að Rauði krossinn hefur styrkt lækna og hjúkrunarfræðinga sem fara á milli og þjónusta íbúana."

Brynja segir ferðina hafa verið lærdómsríka. „Mér þótti til dæmis mjög athyglisvert að uppgötva að þrátt fyrir bágborið efnahagsástand skuli Hvít-Rússar hafa í nafni Rauða krossins styrkt íbúa Haítí eftir að jarðskjálftar riðu þar yfir. Það þykir mér göfugmannlegt," segir Brynja, sem langar að heimsækja landið aftur við gott tækifæri, en heimildarmynd hennar Slétt og brugðið má sjá á http://vimeo.com/11742896.

*roald@frettabladid.is*




LANDAKORT.IS er vefgátt fyrir landfræðilegar upplýsingar um Ísland. Á síðunni eru tenglar í vefsíður sem sýna kortagögn og annað landfræðilegt efni innanlands sem utan.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Stokkseyringar boða til Brygggjuhátíðar í sjöunda sinn frá fimmtudagskvöldi 15. júlí og fram til síðdegis sunnudaginn 18. júlí. Ákveðinn hápunktur hátíðarinnar verður á föstudagskvöldinu þegar fjölskylduskemmtun verður á Stokkseyrarbryggju.

www.stokkseyri.is






„Ég þarf að fara að hægja á mér. Þetta er orðin tóm vitleysa," segir Pétur sem elskar landið og er kunnugri því en flestir aðrir Íslendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fer á fjöll árið um kring

**Hinn sjötíu og sjö ára göngugarpur, Pétur Þorleifsson, hefur sent frá nýja bók þar sem hann lýsir útsýni af hundrað og þremur fjöllum og helstu kennileitum. Hún heitir Fjöll á Fróni – gönguleiðir á 103 fjöll.**

Pétur er einn reyndasti fjallgöngumaður landsins og þetta er þriðja bókin hans sem snýst um íslensk fjöll. Hinar tvær vann hann með Ara Trausta Guðmundssyni jarðeðlisfræðingi og kveðst hafa saknað hans nú. „Ari Trausti er bara svo upptekinn í öðru," segir Pétur en lét það ekki stoppa sig í að koma út þriðju fjallabókinni sem hefur tekið hann nokkur ár að safna í. „Ég sneri mig svo ægilega illa á vinstri fæti fyrir þremur árum að ég var alveg ógöngufær í heilt ár. Það tafði fyrir," útskýrir hann og kveðst hafa verið eingöngu í þessu verkefni síðustu tvö árin. „Ég er hættur að vinna og hafði góðan tíma. Fór oft í túra og gekk á þrjú til fimm fjöll í einni og sömu ferðinni," lýsir hann og kveðst stundum tjalda eða liggja úti undir berum himni þegar hann er að heiman yfir nótt. Á áfangastöðum á leiðinni og á fjallatoppum tekur hann svo upp vasabók og penna enda finnst honum gott að skrifa meðan allt er í fersku minni.

Pétur kveðst ganga mikið einn til að geta ráðið hraðanum og hugsað bókarefnið á leiðinni. Hann þekkir landið mjög vel og segist aldrei vera í vandræðum með að staðsetja örnefni enda alltaf með kort með sér. „En ég kann ekkert á GPS," segir hann og kveðst þó aldrei hafa lent í villum sem orð sé á gerandi. „Ég er alltaf með áttavita og nota hann ef ég þarf."



Stífluvatn í Fljótum í Skagafirði.
MYND/PÉTUR ÞORLEIFSSON/ÚR BÓKINNI FJÖLL Á FRÓNI



Við Þursaborg á Langjökli.
MYND/PÉTUR ÞORLEIFSSON/ÚR BÓKINNI FJÖLL Á FRÓNI

Pétur er nýkominn úr kaffispjalli með öðrum félögum í Jöklarannsóknafélaginu þegar hann mætir í myndatökuna á Fréttablaðinu. „Við höfum hist reglulega í 40 ár," segir hann brosandi. Hann er mikill aðdáandi jökla en þykir þróun þeirra óheillavænleg. „Undanfarin ár hefur verið lítill snjór á jöklum og því verða ferðir um þá alltaf hættulegri og hættulegri," segir hann en bendir þó á að nokkur sker í Vatnajökli og Langjökli séu í nýju bókinni.

Pétur fer á fjöll allt árið um kring, bæði í byggð og óbyggð. „Ég er á skíðum á veturna en það hefur bara vantað snjó. Þó fór ég þrettán sinnum á skíði síðasta vetur." En er hann ekkert að velja sér lægri fjöll eftir að hann nálgaðist 80 ára aldurinn? „Jú, ég þarf að fara að hægja á mér. Þetta er orðin tóm vitleysa," viðurkennir hann. Bætir svo við: „Reyndar er eitt hæsta fjall á landinu í þessari nýju bók, Bárðarbunga í Vatnajökli, 2007 metrar en það er langt síðan ég gekk á hana. Hún er ægilegt flæmi." *gun@frettabladid.is*

Rauðakrosshúsið
Dagskrá vikunnar
Ókeypis fyrir alla

Mánudagur 12. júlí
- Lokað!
- Taktur - Hópastarf fyrir 16-25 ára. kl.9-12

Gönguhópurinn Njótandi og þjótandi - Gengið um höfuðborgarsvæðið þrisvar í viku (mán. kl. 13, mið. og fös. kl.10) og margvíslegir staðir skoðaðir. Upplýsingar um upphafsstaði hverju sinni á raudakrosshusid@gmail.com.

Þriðjudagur 13. júlí
- Taktur - Hópastarf fyrir 16-25 ára. Hönnunar-, prjóna-, heilsu- og myndlistarhópar auk fréttasmiðju, atvinnuleitar og ferilskrár. kl.9-12
- Hvernig stöndumst við álag? - Hvers vegna snögg reiðumst við og pirrumst yfir hversdagslegum smámunum? kl.13 -14
- Prjónahópur - Prjónahópurinn er alla jafna á mánudögum. kl. 13 -15
- Lífskraftur og tilfinningar - Lærðu að þekkja tilfinningar þínar og stjórna þeim. Þriðji hluti af sex. Lokað! kl.14 -16
- Gönguhópur kl. 13 -14 ▸ Vinnum saman (Býflugurnar) kl. 14 -16

Miðvikudagur 14. júlí
Miðvikudagar eru dagar unga fólksins í Rauðakrosshúsinu
- Taktur - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, myndlistahópur, fréttasmiðja, hönnunarhópur, íslenskuhópur og margt fleira. kl. 9 -16
- Skapaðu þér góða framtíð! - Þriðji hluti af sex. Lokað! kl. 13 -15
- Ráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14 -16 ▸ Briddsklúbbur kl. 14 -16

Fimmtudagur 15. júlí
- Taktur - Fyrir 16-25 ára. Atvinnuleitin, listahópar og margt fleira. kl. 9 -12
- Skapandi skrif í dagbókina - Dagbókarfærslur geta verið margvíslegar og óþarfi að einblína á upptalningaraðferð. Seinni hluti. kl.13-14
- Ítölsk matargerð -Lærðu að gera ljúffenga rétti og smakkaðu. kl.13 -14
- Lífskraftur og tilfinningar - Fjórði hluti af sex. Lokað! kl.14 -16
- Heilsuhópur - Stálfélagið - Reynslusaga vinkonuhóps sem ákvað að kveðja letina, byrja loksins að hreyfa sig og bæta heilsuna. kl.14-15
- Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30 ▸ Art of living - Einbeitning kl. 15 -16

Föstudagur 16. júlí - Lokað
- LOKAÐ! Rauðakrosshúsið verður lokað alla föstudaga í júlí.
- Heilsuhópur Takts - Fyrir alla sem vilja. Útileikfimi í Nauthólsvík. Mæting kl. 9 í Rauðakrosshúsið. Leikfimin hefst kl. 9:30

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið
Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opið mánudaga til fimmtudaga kl. 13-16




TUDOR frístundarafgeymir + Exide hleðslutæki
= Rafmagnað frí... ár eftir ár
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30
Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi



Erlendi hópurinn fékk heimsókn frá íslenskum prjónurum sem vakti mikla lukku.



Í ferðinni var ýmist prjónað eða farið í styttri ferðir, til að mynda á hestbaki.



Hópurinn heldur af stað í ferðalag að Ullarfossi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Prjónaferð vakti lukku

**Knitting Iceland fór af stað með prjónaferðir fyrir útlendinga hingað til lands nú í sumar. Fyrsta ferðin var farin 10. júní og tókst vonum framar en á dagskrá eru fleiri ferðir, meðal annars upp á hálendið.**

Knitting Iceland var stofnað árið 2009 af Hélène Magnússon og Ragnheiði Eiríksdóttur sem hafa haft ýmis skemmtileg verkefni á prjónunum síðan þá. Má þar nefna vefrit, vefverslun, bókaútgáfu og einstakar prjónaferðir sem skipulagðar eru fyrir erlent prjónafólk sem kemur hingað til lands. 10. júní var fyrsta ferðin af því tagi farin og heppnaðist hún vonum framar.

„Ferðin gekk ótrúlega vel. Flest prjónafólkið í ferðinni var frá Bandaríkjunum og Kanada auk eins Ástrala. Íslenski prjónaheimurinn vakti mikla lukku meðal hópsins,“ segir Ásta Sif Theódóra Gísladóttir, fjármálastjóri Knitting Iceland.

Ferðin tók sjö daga þar sem dvalið var á Vesturlandi og aðalbækistöð hópsins var hótel í Borgarfirði þaðan sem stuttar ferðir voru farnar. „Fyrri part dags voru námskeið og seinnipartinn var farið í stuttar ferðir, svo sem á textílsafnið á Blönduósi, hestbak, fjórhjólaferð og fleira til. Og auðvitað voru prjónarnir alltaf uppi við og prjónað fram eftir öllum kvöldum. Konurnar voru hissa á því hve margir kunna að prjóna og hekla hérlendis, en til að mynda í Bandaríkjunum er þetta mjög afmörkuð kunnátta. Hér heima hittu þær alls staðar fyrir fólk sem kunni eitthvað fyrir sér í prjóni og þeim fannst það frábært.“

Næsta ferð verður farin í lok ágúst og sniðið á henni verður öllu ævintýralegra, en fyrri ferðin var hugsuð út frá lúxus. Yfirskrift þeirrar ferðar er „Knitting in the wild north“ og er vikuferð þar sem gist er á Hveravöllum í svefnpoka og mikið fer fyrir ferðum út í náttúruna. Þar verður prjónað uppi í koju á hálendinu sem Ásta Sif segir eflaust verða mikla upplifun.

„Knitting Iceland hefur einnig skipulagt gönguferðir um Reykjavík þar sem gengið er á milli garn- og textílbúða með leiðsögumanni og hönnuðir hittir fyrir. Framtíðin býður svo vonandi upp á að við getum komið prjónaferðum fyrir Íslendinga á dagskrá. Það er næsta mál á dagskrá.“

*juliam@frettabladid.is*



Í stærri smáhýsunum eru rúm og stóll. Þeir sem gista í húsunum hafa aðgang að útieldhúsi.

# Smáhýsi í Húsafelli

**Í Húsafelli er hægt að eyða nóttinni í notalegu smáhýsi.**

Þeir ferðalangar sem vilja sækja Húsafell heim hafa um ýmislegt að velja þegar kemur að gistingu. Þar er hægt að leigja sér sumarbústað í viku í senn eða planta sér niður á tjaldstæðinu. Þeir sem vilja fara milliveginn geta líka leigt sér smáhýsi en það er hægt að gera eina nótt í einu.

Gisting í smáhýsi kostar 2.500 krónur á mann fyrir nóttina. Inni í minni smáhýsunum eru dýnur fyrir tvo og ofnar til að hita þau upp en í þeim stærri rúm. Aðgangur að útieldhúsi er í boði fyrir þá sem gista í húsunum. *- eö*



Í minni smáhýsunum eru dýnur.






## Sendibílar

568 5000 NS Nýja-Sendibílastöðin

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



**!!! Toyota Hiace !!!**
Toyota Hiace 2.7 bensin, árg. 12/2003, ekinn aðeins 108þús, beinskiptur, afturhjóladrifin, stuttur, samlitaður, cd, flottur bíll, verð 1.390.-, Tilboðsverð aðeins 990.000.-. uppl. í s:659 9696.

## Vörubílar

OK VARAHLUTIR

**Varahlutir -Varahlutir**
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, áratuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

## Húsbílar

Ford Econoline 350 árg. ,87 6,9L diesel. Ísskápur, eldavél og U-bekkur. Ek. 155þ. Uppl. í S. 695 5911

## Fjórhjól



Mountain Lion árg ,06. 440 Cc fjórhjóladrifið. Skemmtilegt og vel með farið. Verð 350 þús. Uppl. í síma 695 7670

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
**Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!**
Alhliða hjólaviðgerðir-Sérsmíðum hjól-Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól-Hólmaslóð 2 og Ármúla 42 kriacycles.comS: 534 9164 / 659 1595.

## Kerrur



HUMBAUR álkerrur. 13" dekk. Verð frá 165.000 kr. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126



Weckman sturtuvagnar 8, 10 og 12 tonna H. Hauksson ehf., sími 5881130



Weckman flatvagn Stærð palls 2,5 x 8,6 m Verð kr. 1.750.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., sími 5881130

## Fellihýsi



VW Transporter TDI Diesel 5 gíra, skáður 06 2005. Ekinn 89Þ 11 manna.Litur vel út.verð 2580. S: 898 2811

## Tjaldvagnar




Álbox fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. KE Málmsmiði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is

## Vinnuvélar




## Lyftarar

**Óska eftir lyftara**
óska eftir að kaupa notaðan 2,5 tonn gámagengan rafmagnslyftara. Uppl. í s. 660 6470

## Bátar



Til sölu: Ryds 535 Bátur árg. 2007, með 60 hestafla Mariner fjórgengismótor með raftrimmi. Innbyggð flotholt, tveimur eldsneytistönkum og öllum raf- og ljósabúnaði. Svefnpláss er fyrir tvo-þrjá. Báturinn er mjög lítið notaður og er sem nýr. Ath. er innan við 6 metra langur. Brenderup kerra árg. 2007 með hemlakerfi fylgir. Möguleiki á Visa/Euro raðgreiðslum að hluta kaupverðs. Vinsamlegast hafið samband við Sveinbjörn 820-1410.

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Ljósboginn ehf

**Startarar og alternatorar**
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bíldshöfða 14 sími 553-1244.




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11

# ÞJÓNUSTA

## Veitingastaðir

Kínahofið Tilboð. Súpa og 4 smáréttir kr. 1450 kr. tekið með. 1590 ef borðað er á staðnum. Nýbýlavegi 20 Kóp. S. 554 5022.

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.













Garðaumsjón: Vanti þig slátt, úðun eða aðra þjónustu í garðinum er ég tilbúinn uppl: 698 1215 Halldór Garðyrkjumaður

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Vöruflutningar

Búslóðir & alhliða sendib.þjónusta. Sanngjarnt verð! S. 892 6363 & á www.vefsida.is/skutlari.

## Til sölu




# FJÁRFESTING SEM STEINLIGGUR

**Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.**

- Graníthellur
- Falleg áferð
- Lengri ending
- Betri fjárfesting
- Góð vörn gegn nagladekkjum

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

HRINGHELLU 2, 221 HAFNARFJÖRÐUR | HRÍSMÝRI 8, 800 SELFOSS | MALARHÖFÐA 10, 110 REYKJAVÍK | SÍMI 4 400 400, WWW.STEYPUSTODIN.IS

StSt_100427-001

INGMAR BERGMAN FÆDDIST ÞENNAN DAG.



*„Leikhúsið er eins og trygg eiginkona. Kvikmyndin stórkostlegt ævintýri – kostnaðarsöm og krefjandi hjákona.“*

***Ingmar Bergman (1918-2007) var sænskur leikstjóri, sem leikstýrði á sviði og hvítu tjaldi og skrifaði handrit að kvikmyndum. Fanny og Alexander og Vetrarljós eru á meðal þekktra mynda hans.***

**ÞETTA GERÐIST:** 14. JÚLÍ 1974

## *Hringvegurinn fullgerður*



Hringvegurinn, eða þjóðvegur 1, er 1.339 kílómetra vegur sem tengir velflest byggileg héruð á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi. Vegurinn var fullgerður með opnun Skeiðarárbrúar á Skeiðarársandi á þessum degi árið 1974, en að því hafði markvisst verið stefnt frá árinu 1967. Lengi hefur verið vinsælt meðal íslenskra, og seinna erlendra, ferðamanna að fara hringveginn enda margt að sjá á leiðinni. Leiðin er líka tiltölulega auðveld yfirferðar, vegurinn að mestu leyti með bundnu slitlagi og tvíbreiður nema í gegnum stærri bæi þar sem hann er breiðari. Af þeim sökum verður oft mikill umferðarþungi á tilteknum vegarköflum, mest í nágrenni höfuðborgarinnar og stærri bæja eins og Selfoss og Akureyrar en fjarri þéttbýli er að finna kafla þar sem umferð er lítil eða undir 100 ökutækjum á dag. **Heimild: wikipedia.org**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG: ER 195 ÁRA

# SLÁUM MET Á HVERJUM DEGI

„Okkur þykir mjög gaman að hafa náð þessum áfanga og þótt ekki sé um stórafmæli að ræða þannig séð þá erum við sökum alda að slá met á hverjum degi,“ segir Stefán Einar Stefánsson, framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags sem varð 195 ára um síðustu helgi og er elsta starfandi félag á Íslandi.

Hið íslenska Biblíufélag var stofnað á prestastefnu í Reykjavík þann 10. júlí 1815 sögn Stefáns. „Félagið var stofnað á heimili Geirs Vídalín biskups að Aðalstræti 10, sem oft er kallað Fógetahúsið en ætti að þekkjast sem biskupsgarður, fyrir tilstuðlan Ebenezers Hendersonar. Ebenezer var skoskur prestur og trúboði sem kom hingað til lands á vegum Breska og erlenda biblíufélagsins árið 1814 og fór hér um sveitir og gaf og seldi landsmönnum Biblíuna sem var þá orðin af skornum skammti, bæði á heimilum og í kirkjum landsins. Í framhaldi af því sáu menn ástæðu til að koma Biblíunni enn betur á framfæri og stuðla að kynningu hennar og lestri um landið og hefur það frá upphafi verið meginmarkmið Hins íslenska biblíufélags,“ útskýrir hann.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI** Stefán Einar Stefánsson tók nýverið við stöðu framkvæmdastjóra Hins íslenska biblíufélags en samhliða því kennir hann siðfræði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík og segir fara vel á því að blanda þessu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Veigamikill þáttur í starfi félagsins hefur verið útgáfa á íslenskri þýðingu Biblíunnar, en þær hafa verið nokkrar frá því sú fyrsta leit dagsins ljós árið 1841. „Hún var prentuð í Viðey og því oft kölluð Viðeyjarbiblían þar sem gætir mjög áhrifa Sveinbjörns Egilssonar, rektors við Lærða skólann. Því starfi hefur verið haldið áfram eftir það og síðasta heildstæða þýðingin leit dagsins ljós 18. október 2007,“ segir Stefán. Nokkur styr stóð um þá þýðingu, meðal annars vegna notkunar einstakra orða, en Stefán segir að það hafi svo sem ekki komið á óvart þar sem flestar þýðingar á Biblíunni hafi verið umdeildar í gegnum tíðina. „Sem dæmi uppnefndu sumir þýðinguna 1908 Heiðnu biblíuna þar sem mönnum þótti hún taka þannig á texta ritningarinnar að hún væri kristnum ekki samboðin. Nú eru flestir ánægðir með hana og ég tel að í fyllingu tímans muni sömuleiðis góð og víðtæk sátt nást um síðustu þýðingu.“

Spurður hvað sé svo á döfinni, segir Stefán félagsmenn þegar vera farna að huga að 200 ára stórafmælinu þótt fimm ár séu enn til stefnu. „Við erum að skoða í samráði við erlend biblíufélög sem hafa staðið í svipuðum sporum hvernig best sé að fagna þessum tímamótum. Ekki er þó komin föst mynd á dagskrána en ráðgert er að árið 2015 verði allt helgað þessu afmæli með viðburðum af fjölbreyttum toga, en við teljum góðan leik að hefja undirbúning svona snemma,“ segir hann og bætir við að eins standi til að fjölga félagsmönnum. „Við erum þegar farin að beita nýstárlegum aðferðum til að vekja athygli á félaginu og erum meðal annars komin á Facebook,“ segir hann og hlær. **roald@frettabladid.is**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Snorri Arinbjarnarson**
mjólkurfræðingur, Mýrarvegi 111 Akureyri

lést föstudaginn 9. júlí á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Unnur Snorradóttir** **Bjarki Kristinsson**
**Helga Snorradóttir** **Kristján Ólafsson**
**Arinbjörn Snorrason** **Friðný Møller**
**Guðmundur Hoff Møller** **Maríanna Hoff Møller**
**Bjarki Heiðar Ingason** **Hildur Soffía Vignisdóttir**
**Helga Þórey Ingadóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



*Hjartkær amma okkar, systir og mágkona,*

**Þórunn Árnadóttir,**
Seli í Grímsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, sunnudaginn 4. júlí. Hún verður jarðsungin frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 16. júlí kl. 14.

**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Kristján Sigtryggsson**
**Unnur Ása Jónsdóttir** **Skúli Kristinsson.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Bjarni Björgvinsson**
Hlíðarvegi 4, Kópavogi

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju, föstudaginn 16. júlí kl. 15.00.

**Lára Magnúsdóttir**
**Ingibjörg Árnadóttir**
**Björgvin Bjarnason** **Guðrún Ósk Birgisdóttir**
**Sigurlaug H. Bjarnadóttir** **Skúli Baldursson**
**Stefán Pétur Bjarnason**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín og tengdamóðir*

**Sesselja Halldórsdóttir**

sem lést á Hrafnistu Hafnarfirði þann 9. júlí síðastliðinn verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 11.00.

**Rósa Halldórsdóttir** **Ragnar Hjaltason**

---



*Elskulegur sonur, bróðir og barnabarn,*

**Stefán H. Skúlason,**
Hólmasundi 2,

lést að morgni 12. júlí sl. á Landspítala, Fossvogi. Útför verður auglýst síðar.

**Katrín Árnadóttir** **Páll E. Winkel**
**Guðný Kristín Winkel**
**Katrín Pála Winkel**
**Guðný Sigurðardóttir** **Árni Hreiðar Þorsteinsson**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi*

**Gylfi Magnússon**
Hjarðarholti 13 Akranesi

lést 11. júlí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 20. júlí kl. 14.00.

**Aðalheiður Gylfadóttir** **Ásgeir Ólafsson**
**Magnea Gylfadóttir** **Hörður Einarsson**
**Ebba Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elsku dóttir okkar og systir*

**Ástríður Tómasdóttir**

lést af slysförum 11. júlí.

**Ásta Svavarsdóttir**
**Tómas R. Einarsson**
**Kristín Svava Tómasdóttir**
**Ása Bergný Tómasdóttir**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,*

**Erna Björg Guðmundsdóttir**
Tjarnarhólma 2, Stykkishólmi

sem lést sunnudaginn 4. júlí á gjörgæsludeild Landspítalans, verður jarðsungin frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 16. júlí kl. 15.00.

**Guðþór Sverrisson**
**Guðmundur Þór Guðþórsson** **Jóhanna María Ríkharðsdóttir**
**Kristján Valur Guðþórsson**
**Guðmundur Rúnar Guðþórsson**
**Sólveig Þóra Ásgeirsdóttir**
**Guðríður Guðmundsdóttir** **Þorsteinn Svavar McKinstry**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Sveinn Einar Magnússon**
**Björgvin Trausti Guðmundsson** **Nína Berglind Sigurgeirsdóttir**
**Arndís Þórðardóttir**
**og barnabörn.**






# Albanía skömmuð enn á ný

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Eitt af því góða sem efnahagshrunið hafði í för með sér er að nú er Íslendingum tamara en áður að mótmæla. Hegðun sem hingað til var að mestu bundin grasrótarsamtökum þykir nú sjálfsögð fólki úr öllum þrepum samfélagsstigans. Það er hins vegar lykilatriði að mótmælin beinist gegn réttum aðila. Ef á að öskra sig hásan gegn óréttlæti er betra að öskra á orsakavald þess óréttlætis.

**AGS** er með sendifulltrúa hér á landi og fylgist með því að eftir efnahagsáætlun sjóðsins og stjórnvalda sé farið. Skiljanlega líkar það ekki öllum; ekki þarf annað en að skoða söguna til að sjá að sjóðurinn vinnur ekki eintóm gustukaverk. Hann starfar eftir ströngum lögmálum frjálshyggjunnar og lönd víða um heim hafa þurft að laga sig að þeim reglum, vilji þau fá aðstoð.

**Í ÞESSU** samhengi er hins vegar rétt að rifja það upp að sjóðurinn er hér að ósk Alþingis Íslendinga og í samvinnu við ríkisstjórnina. Það var ekki svo að stjórnendur hans fengju þá góðu hugmynd að skjótast til Íslands og taka til í efnahagsmálum þarlendra, þeir brugðust við beiðni um samstarf og aðstoð. Líki mönnum ekki það samstarf, er eðlilegra að beina mótmælum sínum að hugmyndasmiðnum að baki samstarfinu; íslenskum stjórnvöldum.

**ANNARS** er AGS fyrirtaks ljóti kall. Að honum er hægt að beina reiði sinni vegna ýmissa hluta og oft með réttu. Nefna má málefni Magma í því skyni. Þar eru undirliggjandi stórmál um eignarhald auðlinda og óskiljanlegt að stjórnvöld hafi ekki gert neitt í fyrr en of seint er í rassinn gripið. Íslendingar reyna nú á eigin skinni það sem þeir hafa reynt að gera öðrum í gegnum orkuútrásina. Þar lágu auðlindir annarra þjóða undir.

**Á SÍÐUSTU** árum hefur allt verið á sömu bókina lært; einkavæðing var það heillin. Það tókst Íslendingum án AGS. Þar gengu stjórnvöld óstudd og fengu stuðning í hverjum kosningum á fætur öðrum, bæði í landsstjórn og hjá sveitarfélögum. Þetta eru því trauðla framandi hugmyndir. Núverandi stjórnvöld hafa síðan lítið gert til að vinda ofan af þessu.

**ÞEGAR** Sovétríkin vildu gagnrýna kínversk stjórnvöld brugðu þau á það ráð að skamma Albaníu. Þeir sem standa nú vaktina fyrir utan skrifstofu sendifulltrúa AGS og skamma hann hæst í fjölmiðlum ættu kannski að minnast þessa og snúa skömmum sínum að íslenskum stjórnvöldum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Býður betur

# Sparaðu með

LÆGRA VÖRUVERÐ Í 21 ÁR




# Sama verð

UM LAND ALLT

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# Byggir danstónlistarbrú milli Reykjavíkur og Ibiza

**Plötusnúðurinn og eigandi Flex Music, Kristinn Bjarnason, lenti í miklu ævintýri á partíeyjunni Ibiza. Komst hann að því að mikill áhugi er þar á Íslandi. Lenti hann á fundi með áhrifamiklum mönnum sem vilja fara með Ibiza til Íslands og flytja Íslendinga út.**



FLYTUR IBIZA INN Plötusnúðurinn Kristinn Bjarnason lenti á fundi með áhrifamiklum mönnum á Ibiza sem hafa mikinn áhuga á íslenskri partímenningu. FRÉTTABLADID/ANTON

„Ég fór þarna grunlaus og hélt að ég væri að fara að hitta kunningja minn, sem er plötusnúður á skemmtistaðnum Space, sem er einn sá flottasti á Ibiza," segir Kristinn en þegar hann mætti til fundar við vin sinn voru þar mættir eigandi staðarins og fjárfestar. „Þá var vinur minn búinn að bóka fund með þeim án þess að láta mig vita," segir Kristinn sem viðurkennir að hann hafi verið frekar stressaður því hann gerði sér strax grein fyrir að þetta væru áhrifamiklir menn innan skemmtanalífsins.

Space er einn af flottustu og stærstu skemmtistöðum á eyjunni og margir af frægustu plötusnúðum heims koma þar fram. „Þeir hafa sem sagt mikinn áhuga á Íslandi og voru búnir að heyra að Reykjavík er kölluð Ibiza norðursins," segir Kristinn og bætir við að mennirnir vilji koma á eins konar samstarfi milli eyjanna og fá hann í lið með sér.

Kristinn hefur löngum verið að flytja inn plötusnúða til landsins í gegnum fyrirtækið sitt Flex Music og var staddur á Ibiza í hópferð með útvarpstöðinni Flash Fm þar sem hann er með danstónlistarþátt. Hann ætlaði ekki bara að vera á Ibiza í fríi heldur vonaðist einnig eftir að geta komið sér upp tengslum við plötusnúða. „ Ég bjóst samt aldrei við þessu og þetta eru bara draumasamböndin. Við fórum á flottasta veitingastað sem ég hef komið á. Það var ekki einu sinni verð á matseðlinum," segir Kristinn sem er nú farinn að skipuleggja sérstök Ibiza-kvöld á skemmtistöðum Reykjavíkur og hópferðir Íslendinga út. „Við erum að plana þetta í sameiningu og ætlum að byrja á því að halda þrjú kvöld hér heima þar sem Ibiza-menn munu senda hingað plötusnúða og stelpur sem dansa. Þeir vilja koma með Ibiza-stemninguna hingað heim," segir Kristinn en á næsta ári er svo fyrirhuguð ferð til Ibiza þar sem skemmtistaðurinn Space vill halda íslenskt kvöld með íslenskum plötusnúðum.

Þess má geta að skemmtistaðurinn Space er staðurinn þar sem íslenski plötusnúðurinn Bensól mun þeyta skífum á sunnudögum, eftir að hann vann plötusnúðakeppni á netinu.

alfrun@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| KILLERS | kl. 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 10.30 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 kraftsýning | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus













LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 (POWER) | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:40 - 8:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT SAGA | kl. 3 - 5:40 - 8:10 - 10:40 | |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1 - 1:30 - 3:20 - 3:40 - 5:50 | L |
| TOY STORY 3 ensku Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:40 | 10 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3-3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:20 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D ensku Tali | kl. 8 - 10 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| KILLERS | kl. 8 - 10:10 | L |
| BOÐBERI | kl. 6 | 14 |





**AUKA ÁHEYRNAR-PRUFUR Í REYKJAVÍK 4. ÁGÚST**

VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR

# Röddin

## SÖNGKEPPNI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA Á ALDRINUM 12-16 ÁRA

Sigga Beinteins og María Björk standa fyrir söngkeppni fyrir börn og unglinga á aldrinum 12–16 ára í sumar. Keppnin verður haldin á 7 stöðum um land allt og hlýtur sigurvegarinn titilinn Röddin 2010. Úrslitakeppnin fer fram í Reykjavík í haust.

**Geisladiskur** með lögum keppninnar fæst í verslunum N1 um land allt – og gildir jafnframt sem þátttökugjald. Diskurinn inniheldur 25 frábær lög án söngs. Veldu þér þitt uppáhaldslag og sláðu í gegn á sviðinu!




Gildir sem þátttökugjald!

## > FH-ingar í Hvíta-Rússlandi

FH-ingar mæta í dag hvít-rússneska liðinu BATE Borisov í 2. umferð í undankeppni meistaradeildarinnar en leikurinn fer fram úti í Hvíta-Rússlandi. BATE-liðið er orðinn góðkunningi Íslendinga því þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem liðið dregst gegn íslensku liði. FH-ingar mættu þeim 2007 og Valsmenn árið eftir. FH tapaði þá 2-4 samanlagt eftir að hafa tapað fyrri leiknum 1-3 á heimavelli. Valsmenn töpuðu 0-2 í fyrri leiknum sem fram fór úti og 0-3 samanlagt. Leikurinn í dag hefst klukkan 16.00 að íslenskum tíma.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KVENNA:** VALSARAR ÁBERANDI Í UPPGJÖRI FYRRI UMFERÐAR ÍSLANDSMÓTSINS

# *Þór/KA mun veita okkur mikla samkeppni*

Í gær var kunngjört hvaða leikmenn hefðu skarað fram úr í fyrri hluta Pepsi-deildar kvenna. Þjálfarar liðanna í deildinni í samstarfi við Rúv stóðu að kjörinu.

Mateja Zver í Þór/KA var kosinn besti leikmaðurinn en Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, var valinn besti þjálfarinn. Dagný Brynjarsdóttir úr Val var síðan valin efnilegasti leikmaðurinn í fyrri umferðinni.

„Það er alltaf gaman að fá hrós fyrir ágætis störf," sagði brosmildur Freyr eftir verðlaunaafhendinguna. „Ég get ekki annað en verið sáttur við stöðuna í deildinni en get samt viðurkennt að mér finnst við hafa tapað stigum gegn Stjörnunni og KR. Það er kannski frekja að biðja um heilt hús."

Valskonur hafa fjögurra stiga forskot á toppi deildarinnar en Þór/KA kemur þar á eftir, einum fjórum stigum á eftir Val.



„Við erum með feykilega gott lið og góðan hóp en það má lítið út af bera. Við vorum að missa Dagnýju og Málfríði Ernu Sigurðardóttur í meiðsli og þær koma ekki aftur fyrr en líklega seinni hlutann í ágúst. Þá þurfa aðrir leikmenn að stíga upp og þeir hafa verið að gera það sem er ánægjulegt. Ég býst við sterkara liði frá Þór/KA í seinni umferðinni en það hefur venjulega verið þannig hjá þeim. Þær eru með frábært ellefu manna lið og stórkostlega leikmenn eins og Zver og Rakel Hönnudóttur. Þær munu veita okkur mikla samkeppni," sagði Freyr.

Dagný var mætt á hækjum til þess að taka við verðlaunum sínum en bar sig samt vel. „Það er mjög gaman að fá þessa viðurkenningu en verra að vera meidd. Er með sprungu í ristinni og hef spilað þannig í allt sumar. Ég var heppin að ristin brotnaði ekki."



**ÍBV FÆR HEIMALEIK** Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VISA-bikarkeppni kvenna:

## Stórleikur að Hlíðarenda

**FÓTBOLTI** Tvö efstu liðin í Pepsi-deild kvenna, Valur og Þór/KA, munu mætast í undanúrslitum VISA-bikarsins í ár. Í hinum leiknum tekur 1. deildarlið ÍBV á móti Stjörnunni.

„Við erum búnar að fara erfiða leið í keppninni og í raun skiptir ekki máli hverjum maður mætir. Ef maður ætlar að vinna þessa keppni þá þarf maður að vinna öll liðin á leiðinni," sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals, en hún var samt ekkert allt of kát eftir að hún dró norðanliðið sem mótherja.

„Við fáum heimaleik og ég er ánægð með það. Þór/KA er með mjög gott lið og leikirnir á milli okkar eru alltaf jafnir. Þetta verður því svakaleikur og við þurfum að eiga toppleik til þess að vinna þær." - hbg

Æfingaferð Liverpool til Sviss:

## Guðlaugur með

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson verður með aðalliði Liverpool í æfingabúðum í Sviss að því er kom fram á fótbolta.net í gær.

Liverpool mun vera í tíu daga í ferðinni og spilar við Al-Hilal, Grasshopper og Kaiserslautern. Roy Hodgson hefur lofað Guðlaugi að hann fái spilatíma í þessum leikjum. - óój

# Munum taka á FH-ingum

**2. deildarlið Víkings frá Ólafsvík fær það verðuga verkefni að sækja Íslandsmeistara FH heim í Kaplakrikann í undanúrslitum VISA-bikars karla. KR fékk heimaleik gegn Fram þar sem Vesturbæingar eiga harma að hefna.**

**FÓTBOLTI** Stemningin var rafmögnuð í höfuðstöðvum KSÍ í gær þegar dregið var í undanúrslit VISA-bikars karla. Í pottinum voru þrjú úrvalsdeildarlið og svo 2. deildarlið Víkings frá Ólafsvík sem sló Stjörnuna út úr keppni á dramatískan hátt á mánudag.

Ólafsvíkingum varð ekki að ósk sinni að fá heimaleik og þeirra bíður afar erfitt verkefni því þeir mæta Íslandsmeisturum FH í Kaplakrika.

„Það er ekki á allt kosið í þessum fótbolta. Fyrst við fengum ekki heimaleikinn var ekki verra að fá að mæta meisturunum á þeirra heimavelli," sagði Einar Hjörleifsson, markvörður liðsins og hetjan frá því í vítaspyrnukeppninni við Stjörnuna.

„Þetta er rosalega spennandi og við bíðum bara spenntir eftir því að komast í Krikann til að sýna virkilega hvað í okkur býr. Við spilum alltaf okkar leik og ég veit að þetta verður erfitt. Við erum samt með gott fótboltalið og strákarnir í góðu formi. Við munum gera okkar besta og svo kemur í ljós hverju það skilar okkur," sagði Einar en hann segir Víkinga ekki óttast Íslandsmeistarana.

„Það er mikið sjálfstraust í okkar liði. Við munum mæta þeim og taka á þeim. Við ætlum að bjóða þeim að gjöra svo vel og fara heim. Við ætlum að mæta óhræddir og vel stemmdir."

Í hinni undanúrslitarimmunni mætast KR og Fram á KR-velli. Þetta er annað árið í röð sem þessi lið mætast í undanúrslitum. Fram vann í fyrra, 1-0, og KR á því harma að hefna.

„Það er alltaf gott að fá heimaleik í þessari stöðu. Við töpuðum fyrir Fram í fyrra þannig að við þurfum að bæta fyrir það. Framarar eru geysilega erfiðir mótherjar og þetta verður hörkuleikur," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR. Margir knattspyrnuáhugamenn sjá í hillingum úrslitaleik á milli FH og KR sem yrði eflaust skemmtilegt fyrir Loga enda fyrrum þjálfari FH.

„Ég er ekki farinn að horfa svo langt. Við viljum komast út úr leiknum gegn Fram og svo sjáum við hvað setur. Auðvitað væri gaman að mæta FH en ég er ekkert að hugsa um slíka hluti. Það er bara stórhættulegt," sagði Logi léttur sem fyrr.

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, var svekktur að hafa ekki fengið heimaleik. „Ég hefði viljað spila heima en það er ekki hægt að fá allt í lífinu," sagði Þorvaldur sem er þar með líklega einn fárra sem er svekktur yfir því að undanúrslitaleikirnir fari ekki lengur fram á Laugardalsvelli.

„Það var mikið vælt um að við ættum engan heimavöll og svo þegar var farið að spila í Laugardalnum var allt í einu talað um að þetta væri okkar heimavöllur. Ég er þeirrar skoðunar að hafa hlutlausan völl í undanúrslitum," bætti Þorvaldur Örlygsson við.

henry@frettabladid.is



**Á LEIÐ Í KRIKANN** Ólsararnir Brynjar Kristmundsson og Einar Hjörleifsson voru mættir til þess að fylgjast með drættinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Pepsi-deild kvenna:

**Lið fyrri umferðar:**

| | |
|---|---|
| Sandra Sigurðardóttir | Stjarnan |
| Alicia Wilson | KR |
| Lidia Stjokanovic | Fylkir |
| Málfríður Erna Sigurðardóttir | Valur |
| Pála Marie Einarsdóttir | Valur |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | Breiðablik |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | Stjarnan |
| Mateja Zver | Þór/KA |
| Dagný Brynjarsdóttir | Valur |
| Katie McCoy | Stjarnan |

## ÚRSLITN Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

Valur-Haukar 7-2
0-1 Þórhildur Stefánsdóttir (5.), 1-1 Helga Sjöfn Jóhannesdóttir (14.), 2-1 Hallbera Guðný Gísladóttir (27.), 3-1 Björg Gunnarsdóttir (28.), 4-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (32.), 4-2 Björg Magnea Ólafs (33.), 5-2 Elín Metta Jensen (81.), 6-2 Hallbera (84.), 7-2 Katrín Jónsdóttir (90.+1).

Fylkir-Breiðablik 5-3
1-0 Sjálfsmark (2.), 1-1 Harpa Þorsteinsdóttir (13.), 1-2 Greta Mjöll Samúelsdóttir (15.), 2-2 Tinna Bjarndís Bergþórsdóttir (27.), 3-2 Anna Björg Björnsdóttir (60.), 4-2 Íris Dóra Snorradóttir (70.), 5-2 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (71.), 5-3 Sara Björk Gunnarsdóttir (86.)

Stjarnan-Afturelding 6-0
Inga Birna Friðjónsdóttir 2, Lindsay Schwartz 2, Katie McCoy, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir

FH-KR 1-2
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (22.), 1-1 Sjálfsmark (42.), 1-2 Margrét Þórólfsdóttir (80.)

**Upplýsingar** um markaskorara eru fengnar af netmiðlinum fótbolta.net.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **10** | **8** | **2** | **0** | **42-7** | **26** |
| Þór/KA | 9 | 6 | 1 | 2 | 26-11 | 19 |
| **Stjarnan** | **10** | **5** | **2** | **3** | **20-8** | **17** |
| Breiðablik | 10 | 5 | 2 | 3 | 18-14 | 17 |
| **Fylkir** | **10** | **5** | **1** | **4** | **20-15** | **16** |

### *1. deild karla*

Fjölnir-Leiknir R. 4-3
Aron Jóhannsson 3, Illugi Þór Gunnarsson - Kjartan Andri Baldvinsson, Fannar Þór Arnarsson,Ólafur Hrannar Kristjánsson.

Grótta-Njarðvík 1-0
Magnús Bernhard Gíslason.

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Víkingur** | **10** | **7** | **1** | **2** | **18-9** | **22** |
| Leiknir | 11 | 7 | 1 | 3 | 19-11 | 22 |
| **Þór** | **10** | **6** | **3** | **1** | **24-12** | **21** |
| ÍR | 11 | 5 | 4 | 2 | 16-17 | 19 |


EIGNAMIÐLUN
Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Fullbúin útsýnisíbúð**




Glæsileg samtals 158 fm 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 1 í Garðabæ (íbúð 201). Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. 18 fm svalir. Eignin er laus til afhendingar strax. Áhvílandi 22,3 m. frá ILS með 4,9% vöxtum. Verð 38,9 millj.

**OPIÐ HÚS Í DAG (Miðvikudag) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**


Skoruð voru 26 mörk í fjórum leikjum Pepsi-deildar kvenna í gærkvöldi:

# Titilvonir Blika dóu í Árbæ

**FÓTBOLTI** Valskonur náðu sjö stiga forskoti á toppi Pepsi-deildar kvenna og níu stiga forskoti á Blika eftir 7-2 sigur á Haukum í gærkvöldi. Titilvonir Blika dóu endanlega í 5-3 tapi fyrir Fylki í Árbæ. Stjörnukonur unnu stærsta sigur kvöldsins þegar liðið vann 6-0 sigur á Aftureldingu í Garðabæ.

Valskonur lentu undir á móti botnliði Haukum en svöruðu með fjórum mörkum á 18 mínútna kafla. Haukakonur minnkuðu muninn í 4-2 fyrir leikhlé en Valskonur skoruðu síðan þrjú mörk á síðustu tíu mínútunum. Hin fimmtán ára Elín Metta Jensen skoraði í sínum fyrsta leik í efstu deild.

Anna Björg Björnsdóttir kom heldur betur við sögu þegar Fylkiskonur skoruðu þrjú mörk á aðeins ellefu mínútna kafla og bretttu stöðunni úr 2-2 í 5-2. Anna skoraði fyrsta markið og lagði upp hin tvö. Tap Blika þýðir að þær eru nú níu stigum á eftir Val en þær komust 2-1 yfir í leiknum eftir að hafa skorað sjálfsmark í upphafi leiksins.

Stjörnukonur fóru á kostum í 6-0 sigri á Aftureldingu þar sem Inga Birna Friðjónsdóttir og Lindsay Schwartz skoruðu báðar tvö mörk. Öll mörk Stjörnunnar komu á fyrstu 47 mínútum leiksins.

Margrét Þórólfsdóttir tryggði KR 2-1 sigur á FH í Kaplakrika eftir að FH komst 1-0 yfir í fyrri hálfleik. KR-liðið komst upp í 6. sæti með sigrinum.

Þór/KA getur minnkað forskot Vals aftur í fjögur stig með sigri á Grindavík í lokaleik umferðarinnar sem fram fer á Akureyri í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 19.00 á Þórsvellinum. - óój



**FLOTTUR SIGUR** Tinna Bjarndís Bergþórsdóttir og félagar í Fylki unnu 5-3 sigur á Blikum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# FRÁBÆRT VERÐ

## ALLT FYRIR HEIMILIÐ

**Hreint út sagt frábært verð!**

Electrolux
5 ára ábyrgð




**89.900**

Electrolux
**Þvottavél**
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455

Electrolux
5 ára ábyrgð




**109.900**

Electrolux
**Þvottavél**
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446

Electrolux
5 ára ábyrgð




**84.900**
~~109.900~~

Electrolux
**Þurrkari**
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461

Electrolux
5 ára ábyrgð




**89.900**
~~123.900~~

**Uppþvottavél**
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A,
þurrkhæfni A. Hljóðlát.
1805331



**59.900**
~~82.995~~

**Kælir/frystir**
Frigor.
orkunýting A.
kælir 171 ltr.
frystir 41 ltr
142x58x55 sm
1805498

Frigor



**49.900**
~~63.995~~

**Kælir/frystir**
Frigor.
orkunýting A.
kælir 103 ltr.
frystir 15 ltr
84.5x57.6x55 sm
1805500



**49.900**
~~69.390~~

Amica

**Eldavél**
**m/ steyptum hellum**
50cm eldavél, hvítt
m/ 4ra hitunar möguleika
1850516

EMMEVI ÍTÖLSK GÆÐI



**7.990**

**Eldhúsblöndunartæki**
Winny, einnarhandar.
7900010

**Eldhúsvaskur**
Reginox Béta,
78x43 sm.
8032532



**9.900**

**Salerni**
Cersanit Scandinavia
m/veggstút, m/setu.
8077532



**23.990**

**Látum verkin tala!**

## Komdu og skoðaðu úrvalið!

HÚSASMIÐJAN


Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

> Vanessa Williams

„Að ná árangri er sætasta hefndin.“

*Vanessa Williams fer með hlutverk hörkukvendisins Wilhelminu Slater í Ljótu Betty, sem er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 19.35 í kvöld.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON SPILAR RÚSSNESKA RÚLLETTU

# *Með skinnið fullt af dópi*

Útvarpshlustun er rússnesk rúlletta fyrir hugann. Maður veit ekki hvaða lag er í gangi þegar maður t.d. setur bílinn í gang, en með því að treysta útvarpsstöðinni gefur maður henni tilfinningalegt vald yfir sér í tiltekinn tíma.

Maður heyrir miklu færri góð lög heldur en slæm, sem meikar sens vegna þess að hlutfall vondra laga er stjarnfræðilega miklu hærra en góðra. Alveg eins og með fólk. Morrissey söng einu sinni að það væri auðvelt að hlæja og gráta, en styrkleiki fælist í að vera blíður og góður. Hátt hlutfall mannkyns býr því miður ekki yfir þessum styrk.

Þegar maður tekur í gikkinn og fær ekki kúlu í höfuðið líður manni svo vel að maður fagnar og syngur í huganum með laginu sem þessi ódýra myndlíking er smíðuð í kringum. Ég fagna t.d. alltaf jafn mikið þegar ég keyri bílinn minn og lagið History með The Verve heyrist óvænt. Það er reyndar hætt að vera óvænt vegna þess að ég heyri lagið sirka vikulega.



Richard Ashcroft, söngvari Verve, var einu sinni ógeðslega svalur gaur. Hann er reyndar alveg svalur í dag, en nær ekki að bakka það upp með snilldarlögum eins og í gamla daga. Lagið History er svo gott að þegar það heyrist í bílútvarpinu hlusta ég á það til enda þrátt fyrir að það sé nýbyrjað þegar ég kem heim. Ég get ekki drepið á bílnum fyrr en hann syngur línuna: „But the bed ain't made but it's spilled full of hope – I've got a skin full of dope.“ Og klikk! Hjúkk! Ég legg frá mér byssuna.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.35** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20** John Deere Classic STÖÐ2 SPORT



▶ **20.50** Mercy STÖÐ 2



▶ **21.45** Modern Family STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.55** Life SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Stiklur - Í Fjörðum** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (14:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni – Stjáni** (58:58)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Finnbogi og Felix** (2:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Ljóta Betty** (67:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**20.25 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**21.30 Trúður** (5:10) (Klovn IV) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Alfreð Elíasson og Loftleiðaævintýrið** (1:3) (e)
**23.05 Af fingrum fram (Valgeir Guðjónsson)** Jón Ólafsson píanóleikari spjallar við dægurlagahöfunda og tónlistarfólk. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.50 Fréttir (e)**
**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 White Men Can't Jump**
**10.00 The Queen**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 White Men Can't Jump**
**16.00 The Queen**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Stakeout**
**22.00 Fracture**
**00.00 Goodfellas**
**02.20 Yes**
**04.00 Fracture**
**06.00 The Hoax**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (21:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (5:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (16:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (4:23)
**14.40 E.R.** (7:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Maularinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:20) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi.
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (10:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (8:20)
**20.05 Gossip Girl** (16:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
▶**20.50 Mercy** (12:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.
**21.35 Ghost Whisperer** (22:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 True Blood** (4:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**23.15 The Closer** (2:15)
**00.00 Fringe** (21:23)
**00.45 The Wire** (6:10)
**01.45 X-Files** (7:24)
**02.30 Grey's Anatomy** (5:17)
**03.15 Sjáðu**
**03.45 E.R.** (7:22)
**04.30 California Dreaming**
**05.55 Fréttir og Ísland (e)**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 N1 mótið** Sýnt frá N1 mótinu í knattspyrnu þar sem samankomnir voru framtíðarmenn íslenskrar knattspyrnu. Drengir í 5. flokki í knattspyrnu sýndu listir sínar og sýndu frábær tilþrif bæði innan vallar sem utan.
**18.50 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum annað árið í röð.
**19.35 Visa-mörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum kvöldsins í VISA bikar karla.
▶**20.20 John Deere Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**21.15 Liverpool - Benfica** Útsending frá leik Liverpool og Benfica í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**23.00 Barcelone 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni verður mótið spilað í Barcelona. Til leiks mæta margir af bestu og snjöllustu pókerspilurum heims.
**23.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.05 Argentína - Nígería** Útsending frá leik Argentínu og Nígeríu á HM 2010.
**20.00 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends** Að þessu sinni verður fjallað um hinn kyngimagnaða Pele sem af mörgum er talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims frá upphafi.
**21.00 Brasilía - N-Kórea** Útsending frá leik Brasilíu og Norður Kóreu á HM 2010.
**22.55 Þýskaland - Serbía** Útsending frá leik Þýskalands og Serbíu á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (5:6) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (5:6) (e)
**12.25 Óstöðvandi tónlist**
**14.30 Opna breska: Champions Challenge** Sigurvegarar fyrri ára á Opna breska meistaramótinu taka þátt í skemmtilegri keppni.
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Girlfriends** (13:22) (e)
**18.50 Still Standing** (7:20) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos** (14:46)
**19.30 Sumarhvellurinn** (5:9) Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar og stendur fyrir skemmtilegum viðburðum. Núna eru Kanamenn staddir á Írskum dögum á Akranesi.
**19.55 King of Queens** (7:23)
**20.20 Top Chef** (7:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.05 America's Next Top Model** (12:12)
▶**21.55 Life** (13:21)
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Law & Order** (11:22) (e)
**00.20 The Cleaner** (4:13) (e)
**01.05 Opna breska: Champions Challenge** (e)
**03.35 King of Queens** (7:23) (e)
**04.00 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Páll Winkel fangelsismálastjóri er gestur dagsins
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með sjóðheitt stöff úr mótorhjólaheiminumm í allt sumar
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson,Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmálog auglýsingamál til mergjar
**21.30 Eru þeir að fá'nn.** Hrúta og Flóka og laxatorfa í Refasveitinni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


„Útilega“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um útilegur, tjöld, svefnpoka, vindsængur, prímusa, kassagítara, grillsósur – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**




vísir.is
...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Gossip Girl

Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### True Blood

### Stöð 2 kl. 22.20



Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gervíblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**19.00** Svik og prettir í bókmenntaheiminum
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Harðgrýti fátæktar: Atvinnuleitendur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (5:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.45 Modern Family** (24:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**22.10 Cougar Town** (5:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.35 Bones** (22:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

**23.20 Gavin and Stacy** (1:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.

**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.15 The Doctors**

**01.00 Falcon Crest II** (5:22)

**01.50 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Only Fools and Horses **12.55** Only Fools and Horses **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** After You've Gone **14.55** After You've Gone **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Grownups **19.00** Two Pints of Lager **19.30** Mistresses **20.20** Grownups **20.50** The Weakest Link **21.35** After You've Gone **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.35** Grownups **23.05** Two Pints of Lager **23.35** Mistresses

## DR 1

**12.00** Verdens vildeste o **12.30** By på Skrump **13.00** Sommertid **13.30** Ønskehaven **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Lille Nørd **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** By på Skrump **17.30** Ønskehaven **18.00** Det søde liv **18.30** Drommehaver **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Vilde roser **20.45** Himlen over Montana **22.15** Redningstjenesten på vej **22.45** Naruto Uncut **23.10** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Sommertid **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Dallas **15.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **18.00** En livskraftig planet **18.50** Extra-trekning **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pinlige sykdommer **21.05** Kveldsnytt **21.20** Hva skjedde med ekteparet Delany? **22.30** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.25** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Lång-Lasse i Delsbo **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Om Stig Petrés hemlighet **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Grizzly man **22.10** Mysterious skin **23.55** Minnenas television


bmvalla.is



# Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

VOTTAÐ GÆÐAKERFI VOTTUN HF
ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0513-2

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Það er ótrúlega gott að baka pitsu á grilli.“*

Snærós Sindradóttir, formaður Ungra vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu.

# Universal í Evrópu með Boðbera í sigtinu

„Okkur kom þetta nú svolítið á óvart, enda við fyrst og fremst að einbeita okkur að því að koma myndinni í íslensk bíóhús,“ segir Hákon Einarsson, framleiðandi íslensku myndarinnar Boðbera.

Erlendir dreifingaraðilar hafa sýnt kvikmyndinni mikinn áhuga, þar á meðal Universal kvikmyndadreifingaraðilinn í Evrópu. Þetta staðfestir Úlfar Helgason hjá Sambíóunum, sem sér um dreifingu myndarinnar hér á landi. „Ég fékk póst frá þeim sama dag og ég sá sjálfur sýnishornið úr myndinni. Þeir höfðu séð það og það vakti greinilega forvitni þeirra og vildu þeir fá að vita meira um myndina,“ segir Úlfar, en málin eru enn þá á viðræðustigi.

„Þetta byrjaði allt saman þegar við settum enskan texta á sýnishorn myndarinnar á netinu. Hjálmar, leikstjóri Boðbera, hefur búið í Tékklandi og setti enskan texta fyrir vini og kunningja þar,“ segir Hákon en í kjölfarið fóru þeim að berast fyrirspurnir að utan og eru nú í viðræðum við að minnsta kosti þrjá erlenda dreifingaraðila. Spurður hvað kveiki áhuga útlendinga á myndinni segist Hákon hafa heyrt að myndin teljist mjög frumleg og að hún hafi eitthvað nýtt fram að færa á markaðinn. „Þessir menn úti vita hvað virkar hjá þeim og eru náttúrlega alltaf með allar klær úti. Með nef fyrir því hvað sé að ganga í þessum bransa núna. Að mínu mati er killer-blanda í myndinni, pólitík, trúmál og biblían,“ segir Hákon og bætir við að heildarútlitið á myndinni hafi vakið athygli sem nýtt og ferskt.

„Við erum í skýjunum með þessa athygli án þess að vera búnir að gera neitt í þessum málum sjálfir, þó svo að erlend dreifing hafi alltaf verið á dagskránni. Við ætluðum bara fyrst að einbeita okkur að Íslandi,“ segir Hákon að lokum. - áp



**VEKUR ATHYGLI** Íslenska kvikmyndin Boðberi vekur áhuga erlendra dreifingaraðila, þar á meðal kvikmyndarisans Universal.



**LÁRÉTT**
**2.** eiga, **6.** drykkur, **8.** meðal, **9.** sníkjudýr, **11.** tveir eins, **12.** orðrómur, **14.** fótmál, **16.** karlkyn, **17.** knæpa, **18.** eyrir, **20.** klaki, **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hnapp, **3.** verkfæri, **4.** ölvun, **5.** máttur, **7.** lævís, **10.** stykki, **13.** ról, **15.** aflast, **16.** kóf, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hafa, **6.** öl, **8.** lyf, **9.** lús, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** kk, **17.** krá, **18.** aur, **20.** ís, **21.** fram.

**LÓÐRÉTT: 1.** tölu, **3.** al, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** lúmskur, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** kaf, **19.** ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Japan.
2 Thors Vilhjálmssonar.
3 Svanur Herbertsson.

BRÚÐUHEIMAR
Opið í Borgarnesi alla daga frá 10:00 til 22:00



LEIKSÝNING
á sunnudaginn kl 14:00

Leikbrúðusafn - Brúðuleikhús
Veitingar - Gjafavara
www.bruduheimar.is
Sími 530 5000
BRÚÐUHEIMAR Center for Puppetry Arts

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki






**HRAUST FJÖLSKYLDA** Sesselja Sif Óðinsdóttir ásamt foreldrum sínum, Sigurði Gestssyni og Kristínu Kristjánsdóttur. Sesselja hefur æft fimleika í sex ár en foreldrar hennar eru bæði í vaxtarrækt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SESSELJA SIF ÓÐINSDÓTTIR: NÍU ÁRA GÖMUL AFREKSSTÚLKA Í FITNESS

# Hafnaði í 14. sæti á fyrsta heimsmeistaramóti barna

Hin níu ára gamla Sesselja Sif Óðinsdóttir tók fyrir skemmstu þátt í fyrsta heimsmeistaramóti barna í fitness sem fram fór í Slóvakíu. Sesselja Sif er dóttir Kristínar Kristjánsdóttur, Íslandsmeistara kvenna í fitness, og stjúpdóttir Sigurðar Gestssonar, vaxtarræktarkappa.

„Æfingarnar byggjast mest á fimleikum og dansi sem sýna bæði styrk og liðleika þátttakenda. Krakkarnir koma einnig fram á stuttbuxum en mega til dæmis ekki nota farða eða annað slíkt eins og viðgengst í fullorðinshópum,“ útskýrir Sigurður og segir Sesselju Sif hafa staðið sig með prýði á mótinu. „Keppendur voru tæplega hundrað og skiptust nokkuð jafnt í þrjá aldursflokka.

**100** börn kepptu á mótinu í þremur flokkum.

Sesselja var í flokki með nokkrum bestu fimleikastúlkum heims og lenti í fjórtánda sæti í flokki átta til níu ára, þannig að hún stóð sig mjög vel stelpan.“ Þetta telst frábær árangur hjá Sesselju þar sem allir keppendur voru mjög góðir og flestir meistarar í sínum löndum, en þetta var fyrsta keppni Sesselju í fitness.

Sesselja Sif, sem hefur æft fimleika í um sex ár, er að sögn Sigurðar ákveðin í að taka þátt í næsta heimsmeistaramóti barna í fitness sem fram fer í Mexíkó á næsta ári. „Í þessum rútínum eru engar skylduæfingar líkt og í fimleikum heldur fá þær frjálsar hendur hvað það varðar. Sesselja er bæði mjög skapandi og dugleg að æfa sig og ég tel að hún eigi eftir að ná langt í íþróttinni. Árangur hennar á mótinu lofar í það minnsta góðu.“ Aðspurður segir Sigurður að mikill íþróttaáhugi ríki á heimilinu og að lífið snúist mikið í kringum hreysti og hreyfingu. „Við Kristín eigum samtals sjö börn, ég á fjögur og hún þrjú, og mörg þeirra stunda einhvers konar íþróttir. Við leggjum mikið upp úr því að vera heilbrigð og borða hollt og æfum mjög mikið, sumum finnst það kannski of mikið,“ segir Sigurður að lokum og hlær. sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Miðasala á Þjóðhátíð í Eyjum fer betur af stað í ár, en á sama tíma í fyrra. Metfjöldi mætti á hátíðina í fyrra en nú búa eyjaskeggjar sig undir að slá metið með tilkomu Bakkahafnar. Á vefsíðu hátíðarinnar kemur fram að hljómsveitin Svört föt komi fram. Sama hljómsveit steig á svið í Galtalæk á dögunum þegar þýski teknórisinn Scooter tryllti lýðinn. Til að koma í veg fyrir misskilning þá skal áréttað að hljómsveitin Svört föt er einfaldlega Í svörtum fötum með **Jónsa** í broddi fylkingar, sem var stofnuð fyrir rúmum áratug ...



Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur leikarinn **Felix Bergsson** tekið að sér hlutverk The Big Bopper í söngleiknum um Buddy Holly sem settur verður á svið í Austurbæ í haust. The Big Bopper lést í flugslysinu sem söngvararnir Buddy Holly og Ritchie Valens létust einnig í. Söngvarinn var þéttur á velli og hafði um 20-30 kíló í forskot á Felix og kunna því einhverjir að velta fyrir sér hvort hann ætli að bæta þeim á sig. Felix ku eiga eftir að fara í samningaviðræður við leikstjórann Gunnar Helgason um að fá að klæðast einhvers konar þyngjandi búningi.



Eins og alþjóð veit þá hyggst fyrirsætan og athafnakonan **Ásdís Rán** fækka fötum á síðum búlgörsku útgáfu Playboy sem kemur út í enda mánaðarins. Myndatakan tók tvo daga og kláraðist í gær og nú hefst biðin langa fyrir aðdáendur Ásdísar, sem hafa verið duglegir við að kaupa blaðið í forsölu á vefsíðu Eymundssonar. - afb/ls



# Frægir Íslendingar í rassvasabók

„Þessi bók er fræðandi og skemmtileg þótt þú sért ekki að nota hana í leiknum Hver er maðurinn? Hún rifjar upp marga aðila sem fólk hefur gleymt en gaman er að muna aftur,“ segir skopmyndateiknarinn og útgefandinn Hugleikur Dagsson.

Útgáfufélagið Ókeibæ(!)kur hefur sent frá sér fjórðu bókina í rassvasabókaröð sinni. Bókin heitir Hver er maðurinn? og er höfundur bókarinnar undir dulnefninu Meðal-Jón. Það eru Arnar Ásgeirsson og Styrmir Örn Guðmundsson sem myndskreyta bókina en þeir félagar hafa unnið þó nokkuð saman. Bókin byggir á samnefndum leik sem Íslendingar spila gjarnan á ferðalögum sínum. Í bókinni eru ýmsir frægir Íslendingar, sem eru þó ekki of frægir, taldir upp og þeir túlkaðir á skemmtilegan hátt.

„Teiknistíll þeirra Arnars og Styrmis er ótrúlega svipaður og má líkja honum við „urban New York graffiti-stíl“ með skrípó ívafi. Þeim félögum tekst að gera persónunum ótrúleg skil í myndum sínum og fer það sjaldnast framhjá fólki um hvern ræðir,“ segir Hugleikur.

Ástæða þess að höfundur er undir dulnefni er í raun engin sérstök. Hann kallar sig Meðal-Jón, og útskýrir það á þann hátt að „flestallir Íslendingar eru í raun ekkert nema meðal-Jón og það er höfundur líka.“

Í tilefni af útgáfu bókarinnar bjóða Ókeibæ(!)kur í pub quiz með séríslensku dægraþema í kvöld klukkan 20.00 á Karaoke Sports Bar á Frakkastíg. Það verða Maggi Noem og Steindi Jr. sem spyrja spurninga og Gísli Galdur ætlar að sjá um tónlist fyrir keppni. Þeir Maggi og Steindi hafa svipað þema í keppninni og í bókinni, en en ekki það sama og í leiknum Hver er maðurinn?. - ls



**JÓHANN RISI** Persónunum eru gerð ótrúlega góð skil á teikningum í bókinni og fer það sjaldnast á milli mála um hvern ræðir.



**HUGLEIKUR DAGSON** Útgáfufélag Hugleiks Ókeibæ(!)kur gefur nú út fjórðu bókina í rassvasabókaröð sinni.



# DÆLULYKILSHAFAR

## FÁ FRÍTT Í HÚSDÝRAGARÐINN Í DAG!



Í dag **14. júlí** fá dælulykilshafar **frítt í Húsdýragarðinn** í tilefni Sumarleiks Atlantsolíu.

**Taktu fjölskylduna með.**

**50% afsláttur** af dagpössum/miðum í tæki.

**Á milli kl. 13 og 17** fá börnin frostpinna frá Kjörís og blöðrur og fjöllistahópurinn Sirkus Íslands skemmtir gestum.

Dælulyklar afhentir á staðnum.

Nánar á **www.atlantsolia.is**

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 50612 07/10

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
Opið milli 10 og 18.00

SIRKUS ÍSLANDS

Kjörís

ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Engin nefndi Jóhönnu

Frjáls verslun leitaði á dögunum til 30 kvenna víðs vegar úr þjóðlífinu og bað þær að tilnefna þrjár konur í kvennaríkisstjórn. 51 kona var tilnefnd og var ein þeirra langefst á blaði, sem forsætisráðherra kvennaríkisstjórnar. Það var dóms- mála- og mannréttindaráðherrann Ragna Árnadóttir sem hlaut ellefu tilnefningar. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fengu allar tvær tilnefningar. Mikla athygli vakti þó að hinn raunverulegi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fékk enga tilnefningu sem forsætisráðherra.



### Eiríkur í Ráðhúsið

**Eiríkur Hjálmarsson**, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar og fyrrverandi fréttamaður, hefur flutt sig um set og verður næstu tvo mánuðina með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar mun hann starfa fyrir nefndina sem ætlað er að endurskipuleggja orku-, auðlinda- og atvinnumál borgarinnar. Þetta er í annað sinn frá því að Eiríkur hóf störf hjá Orkuveitunni að hann fer í tímabundin verkefni hjá borginni. Haustið 2007 var hann verkefnisstjóri tendrunarinnar á friðarsúlu Yoko Ono í Viðey, sem Reykjavíkurborg og Orkuveitan unnu saman að ásamt listakonunni.



- þeb/sh

## Mest lesið visir.is

1. Um 20% giftra ástfangnir af öðrum en maka sínum
2. Dæmi um ævintýralegar tekjur sjómanna á makrílveiðum
3. Einhverjir aðrir notaðir til að flytja slæmu fréttirnar
4. 16 ára háskólanemi fær ekki námslán
5. Mynd sem gæti bjargað jörðinni
6. Ökumaður fékk hjartaáfall








**Chiro Collection heilsurúm**
25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**
25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

**Stillanleg heilsurúm**
25% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum.
Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16